Sveins Solvasonar

Tyro Juris

edur

Barn i Lögum,

sem

gefur einfalda Undervisun um þá islendsku Lagavitsku og nu brukanlegan Rettargangsmáta

med

Samburde fornra og nyrra

Rettarbota og Forordninga,

ad nyu

útgefen á Forlag, og auken Skyringargreinum

Syßlumans

Jóns Sveinssonar

i Austur-Múlasyssu.

Prikt i Kaupmannahöfn
af Johan Rudolph Thiele
1799.

Landsbókasafn

Formale til Lesarans.

Hin lofleige Etatsraad Høyer i sine Disputats, kalladre Idea Juris Consulti Danici, hefur láted sier um finnast, hvorsu torveld og þungskilen være su islendska Lagavitska, og Joh. Anderson, Borgemeistare i Hamborg, i sinu Skrife um Island §. 112. hefur það sama áviked, má það reiknast eitt med þeim fáu Sænnmælum, er sá hneixlanlegi Bæklingur inneheldur; því þar sem añarstadar ganga ein Log yfer, hofum vier ecke einasta tveñ, helldur i sumum Tilfeltum þreñ og fleire: ecke all i voru eigeñlegu Tungumále, helldur meirepart, so sem þau nordsku Logeñ og margar Kongl. Forordn. á Donsku, hvor ei verda fullkomlega skileñ, utañ af þeim er vel hafa lært Sproked. Eñ

vor gomlu Landslog, eru ecke ollu audveldare, saker margra Fornyrda og oliosra Atrida, ad eg ei tale um Noregs Konga Rettarbætur, af hverium meñ hafa ymis Manuskripta og máske ecke oll so rigtug, ad Domararner meige sig þar uppá reida, so sem Raun hefur Vitne gefed.

Eg vil ei taka fyrer mig, med morgum Ordum ad utfæra hier þá ypparlegu Nytseme Lagavitskunnar; þvi so sem adrer meire meñ mier, hafa þvi fyrer laungu afloked, og eingeñ skinsamur helldur um hana tvilar; so være þad eins og einhver tæke sig til, nu á sidarsta Heims Aldre, ad sina hvert Gagn meñ hefdu af Ellde og Vatne, edur odrum omißanlegum Hlutum i Rike Nátturunar, sem þiena til Vidurhalds þeim nátturlegu Likomum: og so sem sá andlege Likame Christninnar, kañ ecke ad vidhalldast, fyrer utañ Guds Orda Lærdom; so ecke helldur sá politiske Likame eins Rikis eda Stiornarstands, fyrer utañ god Log, og þeirra rettu Brukun. Vorer allranádugustu Kongar, hafa lagt stora Astundan á, ad hvoretveggiu Lærdómar, sá andlege og veraldlege, skylde blomgast i ollum þeirra Rijkium,

kium, og er þad fyrer nockrum mañs Oldrum komed so vidt med þann andlega Lærdomeñ hier i Lande, sem i odrum Stodum; Jurisprudentia edur Lagavitskañ þarimot, hefur staded á veikare Fótum, so sem hverke hafa nockrer vißer Meñ vered setter til Uppfrædingar, ei helldur þienanleg Subsidia gefest i þeim Lærdome, nema sialfar Logbækurnar.

Vel hafa nockrer goder Meñ hier i Lande sied hvad i þeßu var áfátt, og láted efter sig nockud Skriflegt, odrum til Leidarvisirs, ad skilia Lands Logiñ, so sem er:

1) Bárdar Gislasonar Annotationes yfer Logbokena, hvar og tilfærdar eru þær merkilegustu Umbreitingar, sem i einum og odrum Þósti Laganna skienar voru, af Rettarbotum og Forordningum allt til hañs Daga, sem ad visu var loslig Fyrertekt.

2) Hefe og órded var vid annad gamallt Skrif, kallad Rembehnút (veit ei hvors Authors), hvar iñe samandreigeñ er ur Logunum, nockur Jurisprudentia practica fyrer Sækiendur og Veriendur i Rettargangenum.

3) Hefur Biorn á Skardsá skrifad þyilikast, sem Glossarium yfer Fornyrde Logbokarinnar, hvoriu ecke er med ollu ad for-

kasta, þo þar finnast kunne ibland, sem ecke er á Rokum biggt, og hefur rettelega forþienad Kristin lærdare Maña.

4) Logmadur Vidalin, hefur (sem vonlegt var) vered miked luckulegre ad commentera yfer somu Terminos Logbokarinnar og adra fleire; eñ so sem hañ hefur i somu sinum Skrifum, flestollum, geinged meir philologice eñ juridice til Verks, so eru þau framar til frodleiks og Upplisingar i Antiqvitatibus, en stórrar Uppbiggingar i Jurisprudentia forensi; hañ var þo, og er alkendur fyrer hiñ fullkomnasta Jurista i voru Lande, og þar fyrer oskande, hañ hefde brukad siñ Penna, ei sidur til ad eptervláta oß eitt rettskapad juridiskt System; eñ þar hañ lifde just á þeim Dogum, sem meñ væntu hier epter nijum Logum, hefur honum máske ecke sijnst ad taka þad Omak uppa sig forgefins. Auk þeßara, hofum vier og nockra sem skrifad hafa yfer einhveria vissa Materiu i Logunum, so sem Hr. Magnus Jónson yfer Erfder Logbokarinar. Biskup Mag. Jon Arnason yfer Tyund um Reka og fleira smáveiges. Ad eg get hier þessara godu og loflegu Manna, er ecke þarfyrer,

ad

ad taka vilte mig, edur mitt Erfide i epterfylgiande Bæklinge fram yfer þá, edur til jafns fumum þeirra; helldur til ad finna med slikum Dæmum, ad Monnum hafa þokt varda um soddañ Skrif til Leidarvijsirs og Fyrergreidslu þeim er vilia med Skinseme Logen tractera, og i þeirra Lærdome ná nockure Understodu, og i þvi Skine er þad sem eg hefe mier fyrer hendur teked, ad láta greindañ Bækling utganga fyrer Almennings Sioner: þvi þo eg i fyrstu samañskrifade hañ fyrer sialfañ mig, og ætlade ei hañ skylde verda reikur i Augum fleire; þá hafa þo vißer mikils verder Meñ bæde Jñlender og Utlender, sem þar um hefdu Spurn feinged, gyrnst ad siá hañ so sem nockud nystárlegt, sidan áfyst mig ad edera hañ odrum minum Landsmonnum til Pienustu, hvar uppa eg kinne til Bevijssingar ad innsetia Atride ut ymsra lærdra Manna Brefum ef eg vilde leita mier Fordilldar þarmed.

Eg veit vel ad hier eru marger so vel forfarner Menn i Logum, bæde af sinum Lærdome, og lángre Ydkun Rettarins Verka, ad þetta Skrift er þeim Pienustu

lauſt; enn juſt þeir ſomu kunna vel ſiá, ad þád er giort i Hag fyrer Unglinga og Vidvæninga, ſem læra vilia Log, til ad taka vid af þeim er nu lifa; en þvi lærdare og forſtandugre Menn eru, þvi ſiidur plaga þeir ad laſta annara manna Verk, þo þeir ſialfer ſieu i ſtande til ad giora onnur betre, edur ſiáe þar i nockur Feil, og þvi biſt eg ecke vid hordum Critiqver af ſlikum Monnum; annars ef nockrer villdu giora ſo vel, og meddeila mier þvi ſem þeir ſiá rettara, enn eg hefe ſkrifad, vil eg þeim til Æru iñfæra þad i Bokena, kunne hun ad verda ederud odru ſinne. Enn þeim ſem vilia adfinna, og kunna þo ecke ad corrigera, viſa eg til þeß Svars er Sgaranell gaf Momo i Comædiunne til Afſkeids, og læt ſo þar um uttalad. Enn hinum til Athugunar, ſem af henne vilia læra, vil eg þeſſu hafa vidbætt.

1) Ad þeir i og med Studeringu þeſſarar Bokar, hafe ſiálf Logenn vid Hondena, til Samburdar allſtadar þar til þeirra er viſad, ſo vil eg lofa þeim tvofalldre Framfor hiá þvi ſem þeir læſe einſamla Logbokena, og láta þeir ſig ecke undra þott Efnenu ſie hier odru vijs nidurradad, enn i ſialfum Texta

Lag-

Laganna; þvi eg hefe ur ymsum stodum mátt samanndraga þad sem heyrde til eins Efnis: til Dæmis um Executioner og Adfarer, er hondlad i Nl. 1 B. 22 Cap. sidann aptur i 5 B. 6 Cap. og en aptur 5 B. 13 C. Þetta og annad þvilikt, hefe eg epter Méthodo edur Utskijringar Forme allra Jurista og sialfs Justiniani heimfært á sina viþa Stade.

Bæde vor gomlu islendsku Log og hin nordsku, byria á Formalitete processana; af þeim Raison: ad fyrst eiga Menn ad vita, hvernenn þeir skule innretta sinar Málasókner, og koma þeim loglega fyrer Dóm; enn hitt lætur sig eins vel heyra: ad fyrst byrie monnum ad vita hvad rett sie i hverre Sok, og á hvad godum Grundvelle hun stande, ádur þeir fære hana i Action til Þinga, og þvi hafa þeir storn Juristar, so iñrettad sin Systemata, ad þau hondla fyrst um Rett Personanna og Hlutanna, enn sijdarst um Form Processanna, hverier ad risa ut af hinu fyrra. Enn eg er ecke settur til ad dæma um hver þesse Methodus sie annare betre edur tilhlidelegre, og má þvi hver hallda þar um sem honum best likar.

2) Ecke kunna menn i so litlum Bækling ad finna, alt hvad þeirra Nijnæme i slikum Sokum epterklæar; þvi hier eru alleina framsett þau naudsynlegustu Elementa og Principia i þeim Efnum sem almennast fyrerfalla i foro; enn ecke fágiæter Casus, sem einasta eru fyrer vitra menn ad utgrunda; þar eg og ecke esa, ad nær eitt skickanlegt Hofud er vel nidur komed i þessare Bok, þá opna sig epter hendenne, so sem slalkrafa adrer vigtugre Hluter, sem hier eru ecke utfærder; þo er hier ecke med ollu utegleymt þeim Spurningum, sem bæde mier og odrum hafa þokt Ummtals verdar.

3) Þad mun eingum midur þykia, ad eg hefe allvida innfært Terminos Juridicos, edur latinsk Atrides-Ord, sem Juristarner bruka yfer eitt og annad, þo er sumur enn Efnenn hlijda; ei helldur fleire Definitiones, enn i Logunum eru utprickelega tilgreindar, edur i Efnenu vyrkelega underfaldar; og er þad sierdeiles giort fyrer studerande unga Menn, hverium ecke alleina er Prijde ad vita slika Terminos, helldur og mikel Hiálp ad lesa adrar jurid. Bækur, Forordningar og Document, hvar soddann

Glosur

Glosur opt innhlaupa, ei helldur þurfa olærder Lesendur, ad meina sem i þeim sie nockud huled; þvi annadhvert eru þær med einu algeingnu og skilianlegu Nafne utlagdar, eda med fleirum Ordum utlistadar.

Ad sidurstu vil eg ecke gleime ad standa minar Skrifter fyrer Mr. Logicis Grammaticis et Philologis, um þad er eg hefe bæde viliande og oviliande syndgad á mote þeirra Reglum: og fyrst hvad minar Definitiones áhrærer, veit eg þær hallda ecke Stik, ef examineraft skylldu juxta methodum definiendi et demonstrandi logicam; og ecke verdugar ad heita utann Descriptiones; þvi eg hefe láted mier seiga, ad slikr Methodus passe sig ecke eigenlega i Scientiis Practicis, helldur alleina Theoreticis, hveriar sig láta mathematice demonstrera.

Þar næst medkenne eg vel, ad hier finnast ogiarnan gomul Gullaldar Ord, sem nu eru komen ur Mod, og ad eg þerimot hefe stundum hialpast vid þau Ord, sem dregenn edur samsett eru af Donskunni, hvad eg helld eingen Spioll, þar vor Log nu á tidum eru mestannpart fra Donskum komen, og án hennar kunna menn ecke ad vera i

Rett-

Rettargángenum; og so sem vor Efne i flestum Sokum dependera af þeim Donsku: því má þá ecke einnen vort Tungumál vera somu Forlogum underorped? enn oll soddan Ord eru þo miked skylianleg, og tidkanleg orden á vorum Dogum; fyrer utan hvad saeiner Menn hanga so faster vid sitt Antiqvitet, og geta varla skrifad eitt Sendebref, ad menn skylldu ei helldur þeinkia þad være Stýll Ara Prests Froda edur Snorra Sturluſonar, en þeirra manna er lifa á átiandu Olld; hverier ef vilia atelia minar Bevisingar, Betalinga og adra Barbarismos in Lingva patria, er þeir munu so kalla; þá er eg vel tilfrids ad taka upp Gagnsok imote þeim fyrer þeirra Archaismos, og seigi so fellda sok mina fram i Fimtarstefnu Dom, med þessum qvidþ burþi Qvintiliani: Abolita et abrogata retinere, insolentiæ cujusdam est, et frivolæ in parvis jactantiæ.

Innhald
sierhverrar Bókar og Capitula.

Fyrsta Bok.
Um Rett Personanna.

1 Cap. Um Lagavitskuna og hennar Nytsemi og Rettvisena . . . Sidu 1
2 — Um Løgenn yferhøfud . . . 3
3 — Um Þau islendsku Løg sier i Lage . . . 7
4 — Um Rett Personanna . . . 15
5 — Um Egtaskapar Trulofaner . . . 18
6 — Um Hionabandeð . . . 25
7 — Um Hionaskilnad . . . 27
8 — Um Løgleidslu . . . 30
9 — Um Ættleidslu . . . 31
10 — Um Adgreining Personanna epter løglegum Hætte, og sierilage um Friálsamenn og Ofriálsa . . . 33
11 — Um Innlenda- og Utlendamenn . . . 34
12 — Um Adgreining vorra Landsmanna . . . 38
13 — Um Løgfeldamenn . . . 45
14 — Um Omaga, sierdeilis þa sem unger eru og þeirra Forveriara . . . 47

15 Cap.

15 Cap. Um Fiárhaldsmenn = = = Sidu 53
16 — Um Løgveriara Eckna = = = 54
17 — Um Omaga Framfærslu = = 55

Önnur Bok.

Um Rett Hlutana yfirhøfud, og sierdeiles þeirra Eigindom og Adkomster.

1 Cap. Um ymislega Adgreining Hlutanna Sidu 60
2 — Um Eigindomsrett, edur Herradæme yfer Hlutunum og þess Adkomster = = 65
3 — Um Afsigkomulag Hlutanna, sem i vorre Eign eru = = = = 67
4 — Um Eiginlegleika Herradæmisins = = 69
5 — Um Hlunninde og Not af annara Gotse 72
6 — Um þær natturlegu og fyrstu Adkomster Hlutanna = = = = 76
7 — Um þa adra Uppruna-Adkomst = = 83
8 — Um þær seirne Laga-Adkomster, og sierlage Afhendingu = = = 87
9 — Hverier ad Løgum meiga afhenda og heimila sitt Gots, so og fyrer hveriar Personur vier vinnum eda grædum 90
10 — Um Giafer og Løggiafer = = 92
11 — Um Erfdarett og fleira þar tilheyrande 98
12 — Um Løgerfingia, þeirra Mismun og Afsigkomulag = = = = 99
13 — Um Skiftaforvaltara og þeirra Verk vid Sterfbued = = = = 109
14 — Um Arfsløfnud og fleira, sem i Skiptum fyrerfellur = = = = 113

15 Cap.

15 Cap. Um Skiptaþrætur og Arfstilkall. = Sidu 114
16 — Um Arfs og Gialds Fragaungu = 116.
17 — Um oreglulega Arfsgaungu = = 119
18 — Um Hefd og Løghefd = = = 120
19 — Um Løgfestur = = = = 130
20 — Um Eigindoms Þrætur, Brigde og Laga-
riptingar = = = = 133

Þridia Bok.

Um Rett til Hlutanna, og Skylduna a adra Sijdu.

1 Cap. Hversu Retturenn og Skyldann kome
til = = = = S. 137
2 — Um Samninga og Contracta = = 139
3 — Um Lánfe = = = = 145
4 — Um Lán þad sem lied er = = = 148
5 — Um Geimslu a fe = = = 149
6 — Um Pantsetningu = = = 150
7 — Um Borgun og Fyrerlofan = = 155
8 — Um Kaup og Sølur = = = 158
9 — Um Leigumala = = = 186
10 — Um Felagskap = = = 175
11 — Um Umbod = = = = 178
13 — Um þa Oeiinlegu og nockra hia oß obruk-
anlega Contracta = = = 182
13 — Hversu Contractar og Skulder taka Enda 189
14 — Um Samfor Skuldaheimtumannana i
eitt Bu = = = = 193

15 Cap.

15 Cap. Um Misgiorninga, einkum Obotamál og Stórsaker : : : : S. 199
16 — Um Orett og smærre Misgiordir : 200

Fiorda Bok.

Um løglegan Rettargangsmáta.

1 Cap. Um Forlijkaner : : : 226
2 — Um Retten og hans Personur : : 229
3 — Um Sækiandan, Veriandann og þeirra Talsmenn : : : 231
4 — Um Yfervøld, sierdeilis Domara og þeirra Løgsøgn : : : : 234
5 — Um Þingskrifara : : : : 241
6 — Um Løgrettumenn og Þingvitne : 245
7 — Um ymisleg Varnarþing : : 248
8 — Um Stefnumál og Fyrerkall til Undirrettanna : : : : 257
9 — Um Fraveru, Forføll, Uppsetningar og Løgdag : : : 269
10 — Um Málaflutning Stefnandans : 275
11 — Um Ansvr og Undanbrøgd Veriandans 277
12 — Um Bevijsingar, Søgn og Vitne : 282
13 — Um Málspartanna Eyda : : 300
14 — Um Doma og Laga Urskurde : : 307
15 — Um Appel edur Stefnumál til ædre Retta 311
16 — Um Domanna-Execution : : 318
17 — Um Arrest á Personu og Gotse : : 327

Sa islendske

Tiro Juris

edur

Barn i Løgum.

1 Bok.

Um Rett Personanna.

1. Cap.

Um Lagavitskuna og hennar Nytseme Rettvijsena.

Lagavitskan er ein Kunnátta, iñefalen i þvi, ad vita og skilia Løgen rettelega, so Madur kuñe þar af ad heimfæra þau uppa syrerfallande Saker.

Nytseme þeßa Lærdoms er su: ad utvortis Athafner Manna verde epter Rettvijsseñe lagadar.

Rettvijsen (Justitia) er tveñslags:

1) Universalis, edur Almeñelig, iñebindur i sier allar Sidferdis Dygder yfer Høfud.

2) Particularis, edur Sierdeilislig, hverja Løgvitringarner kalla eiñ stødugañ og jafnadar giarnañ Vilia, i því ad láta hvern eiñ hafa það honum med Rettu tilheyrer.

Hana plaga þeir ymislega ad adgreina, so sem:

1) I Justitiam Distributivam, Sundurdeilingar Rettvijse, som siñur Stad mille Yfervalldsins og Undersátaña, i því iñefalen, ad uthluta rettelega, Virdingu og Metordum, sem og eiñen Punga og Alsgum, epter rettre Tiltølu, og hvers eins Asigkomulage. Til Dæmis: ad sá Overduge, sie ecke settur til Metorda fram yfer þañ Verdúga, og sá Fatæke mæte ei so þungum Utlátum, sem hiñ er meiru fær afkastad.

2) I Just. Commutavam, Jafnadar Rettvijse, sem hefur Stad á mille Undersátaña iñbyrdis i þeirra Høndlan og Vidskiptum.

3) Hafa og nockrer uppheinkt hina þridiu Tegundena, sem kallast lust. Vindicativa, edur Hegningar Rettvijse, epter hverre Glæper og Misgiørder verda straffader.

Þessar Adgreiningar eru þær elldstu og almeñustu, en þeir nirre Doctr. hafa þetta á añan Hátt, og snart hver epter sinu Høfde, og raunar eru þær Þarfleysa; því Rettvijsen i sialfre sier er ein og hin sama, þott hun hafe ad giøra um adskilianlega Hlute; So eru það i sialfum sier oljik Verk, ad launa God-giørder, og straffa Illgiørder, en Rettvijsen, er þessu stionar, er þo hin sama.

2. Cap.

2. Cap.

Um Løgenn yfer Høfud.

Løgeñ eru ein Skickun og Regla, sem einum Undergefnum verdur fyrerskipud af sier Yferbodnum, til ad iifa og breita epter.

Pau adgreinast fyrst, vegna sins Uppruna i Guds Løg og Maña.

Guds Løg eru:

1) Jus Naturæ, Natturuñar Løgmál, sem i fyrstu var iñprentad i Mañsins Skiilning og Vilia, en sijdan er hverium Mañe medfædt, hvar af Skynsemen gefur ad þeckia, hvad Madur skal giøre, og hvad ecke giøra.

2) Jus Divinum positivum, Guds Setninga Løgmál, sem i Ritninguñi er openberad, hvert og ymislega adgreinest i Guds Orda Lærdome, og heyrer því ecke hingad um þad ad hendla.

Jus Nat. edur Nátturuñar Løgmál kallast ogso Jus Gentium, þad er Piodaña Løgmál, epter hverju þær eiga ad breita hver vid adra; þad er nær Meñ imynda sier allan Heimen so sem eitt Land, en hveria Piod i Heimenum, utaf fyrer sig, sem ecke er añare Undergefen, so sem eina Personu; þá hafa þær þeße Løg, ad lifa epter i sinum Vidskiptum hver vid adra, so sem ad Uppretta sin á mille Kauphendlan, hallda Strid, nær ein Piod vill ei uña añare Jafnadar, giøra Fridar og Vinskapar Sattmála, og fleira soddan.

Jus Humanum, þad Løgmál, sem af Mønnum er sett, þo þad sie og dreged af Nátturuñar Løgmále, adgreinest med þeßum Hætte:

1) Jus Publicum, Grundvallar Løg eins Rijkis, hvar med þad sem heyrer til Stiornareñar og Rijkesins utvortis Velferdar, er nidurskipad. sjá hier um N. L. 1 B. 1 Cap.

Soddan Jus. Publ. er i vorum Rikium, so kallud Ronga Løg Friderichs Pridia, sem giord voru þegar Soueranitet, eda Einvaldsstiorn, var vidteken i Danmørk.

2) Jus Privatum, þad eru þau Løg, sem hin Hærsta Valldstiorn eins Rijkis setur sinum Undersátum ad lifa epter, hver sierdeilis snerta þeirra eigin iñbyrdes Velferd, og gott Liferne.

Þetta Løgmál skiptest ymislega, epter því sem þad hendler um yms Esne, So kallast þad:

1) Jus ecclesiasticum, sem áhrærer Truarbregdeñ, Kyrkiustanded, Geistlegar Personur, og Hlute.

2) Jus Criminale, edur Misgiørda Løgmál, som kieñer ad straffa Glæpe og Illgiørder.

3) Jus Civile, Borgarlegt Løgmál eda Landsløg, sem giord eru fyrer Samfelag Undersátaña i veralldlegum Søkum.

Þad Borgarlega Løgmál, adgreinest i jus Scriptum, og non Scriptum.

1) Jus Scriptum edur Skrifad Løgmál, kallum vier þad sem utgeinged er under Nafne Kongs, og openberlega auglyst og uppaboded. Þad hefur ymislig Nøfn, epter Atvikum og Asigkomulage Landstiornareñar i hverin Rijke, sem hier

hier þarf ecke upp ad telia, framar eñ vor eigen Løg gefa Orsøk til i nærst fylgiande Cap.

2) Jus non Scriptum, edur Oskrifud Løg, sem og kallast Consyetudo, Vidteken Venia i hverjum Stad. Hun gyllder so leinge syrer Løg, sem Meñ hafa ei oñur skrifud, er þar giøre Uñbreitingu á. Til Dæmis: ad Domarar hier i Lande, setia Þing og segja þeim Upp med nockrum Formála, syrer hverju þo ecke er añad en gamall Vane edur Praxis.

Þesse Praxis gyllder og miked i þvi ad skilia Løgeñ, hvar Interpretatio Usualis tekur Nafn af.

Interpretatio Usualils er sá Skilningur, edur Meining á Løgunum, sem flester hafa vidteked, frá hverre Meñ ecke skulu vikia ad orsakalausu, medan hun má standast; en siáe einhver rettara, þa giorer han vel, ad gánga ei med Blindne i añara Fotspor.

Til ad skilia Løgeñ, þurfa Meñ Sañsyne vid, og adgiæta framar hver Tilgángur Lagaña er i hverre Grein, en ad hánga i tomum Bokstafnum.

Þarsyrer, nær so horfer vid, at Løgen kuña ei án Vandræda skiliast epter Ordunum, þa athugest þessar epterfylgiande Reglur:

1) Nær Ord Lagaña eru frekare, en Meininguñe og godre Sañsyne kañ svara: þa samanfæra Men Utleggínguna og minka Ordaña Krapt, hvad þá kallast Interpretatio Restrictiva, edur Afdregen Utlegging. til Dæmis: þar sem Forordn. af 29 Novembr. 1622. seger: ad sá er keypte oløgboded Odals Gots, skule missa sitt

Gots; þá være þad bæde fráleitt, ad han skyllde hafa fyrergiort Fe sinu, so sem Obotamadur, og lika skylde han missa þad Gots hann keypte, fyrer eckert, er nærsta þungt; þvi bydur Sañsynen hitt: ad nær Odaled verdur brygdad, mege hañ snuast á sín Sala epter Andvirdenu.

2) Þegar Meining edur Tilgángur Lagaña, virdest Leingra ná en Orden sialf standa til, þa hiálpa Men sier i sama Máta vid Interpret. Extensivam, sem er Utvijdkud Meining. so sem þar i N. L. 6 B. 12 Cap. 1 Art. er Mañe leisd Naudveria, til ad forsvara sitt Lijf og Gots, og nu drepur hañ einhvern til ad forsvara Lijf Konu sinar edur Barna þar med; þá verdur slijkt eiñen giort ad Naudveriu, þar einum Mañe er ei miña unnvert ad hiálpa Lijfe Konu edur Barna sina, helldur en sinu Gotse, þott Løgen tiltake ei so vidt i fyrstu.

Sieu Løgeñ nockur stadar so þungskileñ, tvyræd, edur sialfum sier gagnstæd, ad Domararner sia ecke Veg til ad ráda fram ur, þa sækia Men þar yfer Interpret. Authenticam.

En þad er Interpretatio Authentica. Nær sialfur Hofundur Lagaña gefur sina egen Utskijring yfer þau: hvar uppá oss skorter ecke helldur Dæme; Sia Forordn. af 16da Aprilis 1736. um Forbod Gulls og Silfurs i Klædadragt, hverja þegar nockrer þoktust ecke ad fullu skilia, var annur af 6 Octobr. sama Ar utgefeñ til Upplijsingar hiñe fyrre.

---

3. Cap.

3. Cap.

Um Þau Islendsku Løg sierilage.

Þau fyrstu Løg, sem á Islande hafa almeñt videken vered, kallast Ulfliots Løg, af þeim Moñe er þau færde ut hingad, Anno 928. Land. n. Pag. 137. og Sched. Ara Pr. Froda p. 3. hier um 60 Arum epter þad Landed tok ad byggiast, og voru þau i lánga Tijma ei skrifud, helldur hafde hver þad han gat numed, en Logmen skylldu kuña þau øll, hvar fyrer til þeirra var sokt, so sem i adra Løgbok, þegar hina þraut, hvad sia má af Niáls Sogu, þa Skapti Porodsson hafde Løgsogn.

Anno 1118, þá Bergþor Rafnson var Løgmadur, var þad Nijmæle uppteked, ad skráseria edur Uppskrifa Løgen, og vitna þad fyrrnefndar Schedæ Ara Prests, ad Haflide Maarson hafe ritad Vijgsloda, ad ráde þeßa Bergþors Løg M. og þá hafe eñur fleire Løg ritud vered: þad er án alls efa Grágaas, af hvørre Vijgslode, var eitt Bálkur eda Páttur. Men hafa og i Hendum eitt Skrif, sem talar um Virding á Londum og Landsnytium, under Nøfnum Bergþors, Haflida, og añara fleire Høfdingia, er lifdu á þeim Dogum, hvert ad viisu er mieg fornstylad, og talar bæde um Sád Lend og Haffar Skip, sem hier voru til i þá Daga; þo hafa ecke vorer helldstu Laga Men á peßu Seculo Assess. Arne Magn. og Logm. Wildalin viliad leggia nockurn trunad þar á, helldur kient Moñum ad akta þad sem anad upp-

diktad Fræde; fyrer hveria Sok, veit eg ei, nie hyrde til ad geta, einasta vil eg viisa peim er forvitnar ad siá Rokssemder pessa Skrifs, til Decategraphiam, Sal. M. Jons Arnas. Byskups.

Grágásar Log hafa hier á Lande vidgeingest, allt til p. ß pad kom under Kongstiorn, nefnelega á Dogum Hakonar Kóngs hins Coronada, pa hingad var iñskipud Logbok su er Járnsiida kallast, og odru Nafne Hakonar Bok, hvad Biörn á Skardsá seger vered hafe Ared 1271, en Reiknингur nær pa ei heim, par Hakon Kongur deyde 1263, og pvi er hitt rettara, ad Jarnsiida kom hier iñ 1262, so sem Hr. Widalin skrifar in voc. Vika, Laugardagur.

Pesse Log geingu hier 17 eda 18 Ar, til pess 1280, ad Magnus Kongur Lagabærer, sende hier ut med Jone Logmañe pa Bok, er sijdan hefur Jons-Bok nefnd vered, og leingst um ad eingeingu fyrer Log gyldt hier á Lande.

Nu er ad koma til Kyrkiu-Lagaña, sem til forna voru Christin-Rettur kollud. pau uppteliast:

1) Statuta Gissurar Biskups, um Tijund, sem logtekin og samphykt var Anno 1097.

2) Christin-Rettur Porlaks og Ketils, er báder voru under eins Biskupar hier á Lande 1122.

3) Christin-Rettur Jons Erke Biskups i Norege, sem eg ei veit hvert hier i Lande hefur vidgeingest; En Arne Skálholts Biskup, stifstade hier ein añan i Likingu epter pessum, sem var meir i Hag peirra Geistlegu, en sa Gamle, og

þvi villdu þeir halldа Almuganum under hañ, um nockurn Tijma, þar til þeir Brædur Eyrikur og Magnus, Noregs Hertogar, sickudu med eiñe Rettarbot: ad Christendoms Saker skyldu vera epter fornum Vana, som var ádur en Sáttargiørd skede millum Magnusar Konge og Jons Erke-Byskops. hvar á Rettarbot Hakonar K. 1316. þegar hañ var eiñ orden Kongur i Norege, giorer en frekare Grein, soleides: "Þvi biodum Vier ad Logmen vorer, og "aller adrer, hafe og halldе þañ Christindoms-"Rett sem vered hefur ad fornu med ydur; þo "hverke þan sem Magnus Kongur Fader vor liet "samfetia, og ecke þan sem Jon Erkeb liet sam-"setia, þan sem adur hefur vered og Forn er, han "viljum vier ad gange ꝛc." Nu kañ ecke under þessu Nafne, Forn, helldur ad vera meintur Christin-Rettur Arna Byskups sem þá var nijr, og eñ yngri eñ Jons Erke Byskups, og lika eins godur ad þvi er Jñehalded snerte; helldur sá gamle Þorlaks og Ketils Biskupa. Hier um viisa eg til Crymog. b. Arngr. pag. 126. og þess er Sal. Bp. Jon Arnason hefur ex professo um þetta skrifad.

4) Til er sá Fiorda, kalladur Hiñ Reformerade, þvi hañ var samsettur eptir Umskipte Truarbragdaña, af Olafe Bpe Hialltasyne, og Arna Gislasyne á Hlydarenda, hver þo ecke hefur logtekeñ vered.

Þetta sem hier er sagt, kañ vera til nockrar Undervijsunar, þeim sem ofroder eru um Uppruna og Framgáng vorra gomlu Laga, hver eñ nu á

Døgum kuña ad þiena til gods Leidarviisis, ad skilia hin nijrre; En þad er Høfud Posturen, ad høndla um þau Løg er vier nu á Old lisum under.

Þau eru tilgreind i Kong Christ. 6. Rescript. af 19 Febr. 1734. med þessum Ordum: Naar adskillige Casus kunde forefalde, som icke i den Islandske Lov, findes ommældte, skal Rettens Betiente der paa Landet, ved Hielp af de forrige i Brug værende, Ordinantzer, Recesser, Retterbøder, og til Landet udgangne Forordninger, heller afgiøre Sagerne, og i arbitraire Kiendelser alleene consulere den Nordske Lov, naar den passede sig; end at den Nordske Lov, i sleng, og tillige med den Islandske skulde bruges. Angaaende Criminel-Sager: da ville Vi Allernaadigst, at saasom der paa Landet, haves een og anden Retterboed og Anordning, i Særdeleshed, den saa kaldede Storedom 2c. Men i Drabs og Tyve Sager, skal i Henseende til den Forskiel der findes imellem de Islandske og disse Tiders Love, den Norske Lov følges.

Hier utaf athugast hverad sieu nu á Tiimum:

1) Jus Ecclesiasticum, edur sa Geistlege Rettur.

I Kirkiusøkunum Ordinantia Christjani. 4ti. utgefen 2 Julii 1607, og Ritual. Christ. 5ti af 25 Julii 1684.

I Egtaskapar Søkum. Ordinantia Friderichs 3tia, sem kallast Hionabands Articular, utlagder og þrykter á Islendsku bakvid Ordin. Christj. 4ti. dat. Cronborg 2 Julii 1586. eñ i Corpore Iuris hvar þeir eru á siñe Dønsku, er

þeirra

þeirra Datum af 19. Julii 1582. þeir eru og inn-færder i N. L. 3. 16. Capit.

I Tiundar Søkum, og það áhrærer Kirkiur, og Presta Inkomster, er Statuta Gissurar Biskups, Christin-Rettur Forl. og Ket. Biskupa eu nu vid Magt. a)

Um Skolana. Nockrar Forordningar Christ. 3. og su nija Skola Fundatz af 3 Maii 1745.

2) Jus Criminale, edur þau Løg, sem hlyda uppa Obota Mál og adra Misgiørninga.

I Mannráps Málum, þau Nordsku Løg; su 6 B fra 6. til 12 Cap. inclusive hendlar þar um.

Piofnadar Søkum N. L. 6 B. 17 Cap. Nu er sá Athuge hier vid, hvert hier i Lande, skule allt þat heita Piofnadar Saker, sem Norsku Løg giøra Piofnad; hvad ei synest fylgia af þvi áður skrifada Kongl. Reskripte, helldur einasta, ad það sem virkelegur Piofnadur er epter Islendskum, skula straffast epter þeim Nordsku, so hverke mege eiñ Smáþiofur leisa Hud sina med Febotum, og ei helldur eiñ Storþiofur heingiast fyrer þær Saker, sem Islendsk Løg tiltaka: En tilfalle nockur su Sok, sem Piofnadur er epter þeim Nordsku, en ecke epter Islendskum Løgum, þá má hun ei epter þeim Nordsku dæmast; So sem, ef eiñ flær edur birker Tre i Skoge añars Mañs, þa meige það ei dæmast, epter N. L. 6 B. 17 Cap. 25 Art., helldur epter L. L. B. 19 Cap. Aptur imot, ef nockur fellur i Piofnadar Sok epter Islendskum

a) Tiunda Saker, samt Prests og Kirkna Innkomster, eru nu nylegast fastsettar med Reglemente af 17. Julii 1782.

skum Lögum, sem þo er ecke Piofnadur epter þeim Nordsku, til Dæmis: han tekur Sel af Jordu añars Mañs; þá dæmest han ecke epter N. L. 5 B. 12 Cap. 17 Art. helldur verdur han Piofur epter Piofab. 9 Cap. en Straffed sialfr lidur þañ epter Nordsku Lögum.

I Lausleters Sökum og Legords Málum gylder Storedomur svokalladur, sem stiptadur var á Lögþinge, þañ 30 Junii 1564. stadfestur med Kongl. Forordning, af 13 Aprili 1535.

3) Ius Civile Vor Landslaga Rettur, sem er svokallud Jons Bok, hver ad mikluleite, en nu vidhelldst, sierdeilis i Arfatökum, Landabryggda, Landsleigu, Reka og Kaupa Balkum. b)

Par. næst Nordsku Lög Christ. 5. ad þvi Leite sem Formalitetet ahrærer.

Formalitetet er ein viß Adferd og Máte i Rettargánginum, so sem hver so höndla skule med Stefnufarer, Vottaleidslur, Adfarer og fleira þeß hátrar, hvar um mest höndlar su fyrsta Boken; kort ad segja: allar Mála Sökur skula framkvæmast epter Nordsku Lögum, en Málen sialf ecke dæmast, utan i Mañdraps og Piofnadar Sökum, epter þvi sem adur er sagt, og i Arbitraire Kendelser, þad er þeim Sökum sem Men hafa ey ökur vissare Leg fyrer, þá meiga Domararner hafa þau til Eptersionar.

Receſſer

b) I Arfatöku og Arfaskiffta-Sökum, gylder nu ey leingur Jonsb. Erfdat. heldur geingur N. L. 5 B. 2 Cap. med ödrum þar ad lutande Lagagreinum, nu her á Lande fyrer Erfdalög, efter Reſc. af 17. Febr. 1769.

Recessar kolluduſt þau Løg, er sett voru af Kongunum med Rijkisins Ráde, adur en Einvaldsstiornen hofst i Danmørk og Norege.

Soddan Recessa høfum vier þriá sem hier i Lauda hafa geinged fyrer Løg til forna, so sem en má bevijsa af gømlum Domum.

Sa fyrste Reces er Christ. 3., utgefen á Coldingshuse þañ 13 Decembr. 1558.

Sa añar Frid. 2. utgefen á Callundborg þañ 21 Novembr. 1576.

Hin þridie Christ. 4. á Kaupenhavnar Slote, þan 27 Novembr. 1643.

Þo er þad nu flest-allt iñfært i þau Nordsku Løg, sem af þeßum Recessum kañ hier i Lande vera þienanlegt.

Constitutiones, v. Mandata Rigia, Rettarbætur og Forordningar. Þesse Nøfn eru hardtnær sømu Merkingar, nema til Adgreiningar kalla Menn Rettarbætur þau Bref sem Noregs Kongar, hafa gefed hier in i Landed, en Forordningar, Danmerkur Konga Bref.

Þessar Forordningar heyra añad hvert til þeirra Andlegu edur Veraldlegu Laga, epter sem þeirra Efne hagar, og so sem þær añad hvert aftaka, vidauka, edur umbreita Løgunum á einhvern Hátt; so þarf naudsynlega Adgiætne, nær sierhver þeirra er utgeingen; þvi þad er viß Regla, fyrer alla þa er leggia sig epter Løgum, ad þar sem tveñum Løgum ber ecke saman, þá skal Madur fylgia þeim nijrre.

Forordningar adgreinast med ymsum Hætte.

1) Eru

1) Eru Edicta, þær sem Konguren lærur utgánga sialfkrafa.

2) Rescripta, þær sem eru til Andsvars og Urlausnar, uppa Undersátaña Fyrerspurner.

3) Universales, Almeñelegar; sem gylda fyrer alla, Alna og Oborna, yfer Landed.

4) Particulares, Sierdeileslegar, sem gefnar eru uppa eitt hvert vist Tilfelle, og ná ecke leingra. Hingad kuña og ad heimfæraſt Privilegia.

Privilegium kallaſt viß Friheit, sem nockrum af Undersátunum gefaſt; Soddan Privilegia eru. añadhvert Generalia og Ordinaria, Almeñeleg og Sidvanaleg, so sem Privilegia Geistlegra, Kongl. Embættes Maña, Ecknaña ꝛc. edur Specialia og Extraordinaria, sem ei heyra til nema einsteku Personum, so sem er Privilegium ad meiga pryckia og selia eina Bok, edur añad soddan. Item adgreinaſt þan i Privil. Personalia, er alleina koma Personum vid, og Previl. Realia, er tilheyra vissum Hlutum, sem hier kallaſt privilegerad Gots, so sem Kongsins, Kyrkna, og Hospitala Eigner ꝛc.

Fra Privilegiis adgreinaſt Dispensationes, edur Leyfis-Bref, so sem Egtaſkaparleyfe i forbodnum Lidum, og fleira þeß háttar.

Somuleides Aggratiationes edur Nadar Bref, hvar med eitthvert Straff verdur eptergefed; so sem ad standa openberar Skripter, missa Hydena, eda þeßháttar.

Hier ad auke gylda medal vor nockrar Sidvenjur, sem anadhvert eru ákomnar af eintomis Vana, edur byggdar á gomlum Domum, so sem

er

er Pinings Domur. Item sva kalladar Alþingis Samþykter; til Dæmis, ein af Dato 1680. um Uppbæd á Giaftollum Syslu M. epter hverre þeir eñ vijda tekner eru.

Objectum, edur það Efne er Logen høndla um, er einkanlega þreñslagsl, nefnelega 1) Personur. 2) Gluter, það er Gots og Eigindomur. 3) Málasøkner edur Rettargangur.

Hier af kemur Jus Personarum (Rettur Personana), Jus Rerum, (Rettur Gluraña), og Ius Actionum (Þingdeilda) edur Málaferla Rettur.

---

4. Cap.

Um Rett Personaña.

Persona merker hier eina Mañeskiu, sem lifer under Logum og Landstiorn.

En Rettur Personaña, er allt það sem Logeñ gefa oß ad athuga um hverrar Personu Stand og Asigkomulag.

Stand Mañaña, er Tvøfaldr Náttúrlegr og Løglegr. Epter náttúrlegum Hætte adgreinast Men i Alna og Oborna, edur þa sem til eru i Modurkvide; þvi það er og klárt af Logunum, ad þeir hafa i vissan Máta sin Rett, eins og hiner Fæddu. Jsl. Erfd. 1. Þo tekur Barn Arf eptir Fødur sín og adra Meñ, ad það sie getid, eñ ei fædt, ef það kemur (sidañ) med

Lijsi

Lijsi i Lios og verdur skijrt; samañber N. L. 5 B. 2 Cap. 30 Art. c)

Peir Fæddu adgreinast i Karla og Konur og (so sem Nockrer segja) Hermaphroditos edur Tvi-tolada, af hverium vier hofum ei miked ad segja.

Um þa Fæddu er framar athugande, ad þad Barn sem fædest i Hionabande, Sió Mánudum epter Brudar-Vijgsluna, verdur halded fyrer Egtabarn; og somuleides þad Barn sem fædest ad 10 Mánada edur 40 Vikna Freste, og ei leingur fra Hußbondans Dauda, edur Burtferdar Tijma, epter Alyktan flestallra Logvitringa v. Osterf. Weil. Gloss. Juridic.

Egta-

c) So færa Logvitrermenn þad til Rettugheita hinna obornu, ad Erfdir eins frammlidens, hvers Eckia seiger sig þungada; ey má skiftast, heldur leifest henne i oskiftu Bue fyrst ad sitia um 20 vikur, og ef tilkallud Godkvende, sidan alikta hana þungada, má hun nu i þvi bue sitia, þar til Barned kemur i liós. N. L. 5. 2. 12. Art. Sem og einnen ad á þungadar Konur, ey má leggia Likamastraff. Egtabarn er nu alited, þad sem fædt er af Egtavigdum Foreldrum, þó þad annars sie i Heimin bored, fyrenn þeir komu i Egtaskap; somuleides þad Barn, sem af trulofudum Persónum fædest, þó Brudguma efned falle frá, og Hiona banded þar vid hindrest. N. L. 5—2—32, 33. Nockrer Sakafallsforpagtarar, hafa vered so stránger, ad heimta Legordssekt af trulofudum Personum ef Barn þeirra fæddest fyrer veniulegan medgaungu tima efter ad þau voru samannvigd, hvar um nu ey þarf Agreiningur ad verda, þar Kongsbrefet af 24. Jan. 1799 gefur þar uppa fullan urskurd.

Egtaborn verda me Tvennu Mote, nefnelega: fyrer Egtaskap og Ættleidslu, hvar um hier epter verdur hendlad.

NB. I vorum Lands Logum, verdur allvida nefndur Rettur og Fullrette, sem er Æstimatio og Verdugleike einnrar Personu, so sem Rettur Kveña, Mañh. 31 Cap. Item eru pad Bætur pær, sem gialdast eiga einum fyrer pan Drett sem hønum er giordur, sem eg vil frekare Grein á giora i 3 B. 16 Cap. d)

5 Cap.

d) Kvenfolksens personulegu Rettigheit, mismuna i efterfilgiande, frá Karlanna, og eru annad hvert Favorabilia edur minus Favorabilia, til hinna heirer. 1) Ad Konurfriast frá Strydsmanna, sem og Borgaralegum Embættum, Forrettingum og Syßlunum, samt Vanda, er Karlmønnum, oft naudigum er uppalagt. Eirnen Borgun edur Forlosunum. N. L. 1. 21. 13 Art. utan hvad Caution Eckiu, i Gialdskum er med takaunleg. 11. Art. 2) Pær taka ping sin og Heimanfilgiu, efter Egtamann daudann, medan Fie tilvinst. Kvennagift. 6. Cap.

Til hinna sydare plagar ad heimfærast. 1) Ad Konur ey veliast til Embætta, ad undan teknu Yfersetukvenna. 2) Taka jafnan halfan arf mót Karlmønnum. 3) Eru efter norsku L jafnan omyndugar, so mey sem Kona, inntil pær Eckur verda. N. L. 3. 19 — 38. Art. 4) Konur meiga ey hærre Kaupum rada, en eyres vyrde á are, ad undantekinn, pvi pær ad Bonda fiærlægum kaupa til Bußparfenda. Kaupa B. 24. Cap. 5) Taka ey sialfar Rett sinn, ef leignar eru, heldur Effinge Kallmadur, og Bonde konu sinnar. En Rett sinn tekur Kona ógift ef barenn er

5 Cap.

Um Egtaskapar Trulofaner.

Um Egtastanded, so sem Orsok til Personaña Vidurhallds og Fiolgunar, verdur hier naudsynlega

Manh. 31. Cap. Heidurleas maus geistlegs edur verdzlegs, Eckia edur Dótter, er sig oærlega liggia lætur, má af hennar forveriarā, innsetiast i Fangelse hennar Lifstid, hver hennar gots, til sin tekur, nytur og beheldur, so leinge hun saungud halden er. Þó fellur hennar Gotz til rettu Erfingia ad henne fráfallenne. N. L. 6 13. 10 Art. Sem Author vidar rettelega seiger, verdur einoen viß Regla gefen, um upphæd Fullrettesins, þar hid sama átte ad metast, i þeim stærre Misgiorningum efter 12 manna Dóme, so sem ad voru, Kvenna Mandgunarmál, Ránsaker, Plagium, Mannsbit, ef einn var saklaus bundenn, samt liósladur Høggum og Lemstrárságrum, og ágvardadest Fullretted hier, efter Verdugleik þeß, er orettur var gior. Mannhelg 2—3—5—15. 21. Cap. Enn Bæturnar til Konglens, voru i slikum Storsokum, frá 5 til 13 Marka: er því ey olíklegt, ad Fullretted sem þeim fylgde, til hins færda edur skemda, hafe att ad vera ymist heil, ymist hálf Manngiold efter Atvikum. Því Manngioldenn attu ey heldur metast af færre enn 12 Domurum, og i Manndrapssokum, sem ey toldust medal Nydingsverka, tok Kóngur ei nema 13 Merkur, sem kalladest Pegngylde. Enn i smærre Iniurie Sokum, til Orda edur Verka, skilde Fullretted, metast efter 6 Manna Dóme. Mannhelgis 23 og 25 Cap. Lagarettur fyrer þá Kvennpersónu, er leigen var, en þótte lífels verd i Ættenne, var hálf

onnur

lega ad tala; en þo fyrst um þetz Underbuning, sem er Trulofunen, Sponsalia. Trulofaner eru tveñslags, Nefnelega Solennia edur Opeñberleg-ar Trulofaner, og Clandestina, edur Heimug-legar. e)

sonnur Márk Silfurs. En Fiár Fullrette, vjsar Farmannal. 25. Cap. ad jafnan án Mismunar vered hafe ½ Mørk, edur 1 Rd. Sper.

e) Sponsalia adgreinast og i Pura og Conditionata, þau fyrre eru hrein Trulofun án Undandráttar, og tilskilenna vißra Vilkiara. Þau sydare inn-gangast med Skilmálum uppá efterkomande Tiid, og eru ei annad en hvad Canonistar kalla Spon-salia de futuro, en hin fyrre eru nærfellt Spon-salia de præsenti, hins Canoniska Rettar. Þeßa Distinction aljta sumer ovidkomande vorum Rette; en þar skrifleat Egtaskapar Lofard, under Hende og Signete med tveggia Votta Underskrift, edur eitt munnlegt i tveggia; edur fleire Dánumanna Nær-veru, gylder fyrer Trulofan, og sama Loford kinne bæde gefed vera fyrer nockrum Arum, og eins uppá viß Vilkior; so sie ey eckert i móte ad hun og sinna kunne stad i vorum Rette. Gifte ein Mey sig án Giftingamanßens Vilia, þá má hann taka hennar Gotz, og behalda þvi so leinge hun lifer. Her ad auk er þad eingu Folke leift, ad innganga Egtaskap, án Foreldra og Forsvars-manna Samþickes, en hindre þeßer Hiónabanded, án Løgorsaka, skal vidkomande Syßlumadur, Profastur og Soknarprestur, ad Sokenne rann-sakadre, annadhvert leisa edur fyrebioda Ra-dahægen. Forord. 3 Junii 1746. Enn halde Giftingamadur (Forveriare) einne Meyhiá sier ogiftre, fyrer Ogyrnes saker, fram yfer hennar 18 Ar, og sinie þeim Radahag er henne kinne

tilbio-

Openberleg Trulofun er su, sem skedur epter rettum Lögum, i Vidurvist Soknar-Prestsins,

tilbiodast, meiga hennar næstu Frændur, klaga slikt fyrer Yfervaldenu, hvert par i gisre Rett. M. L. 3—18—4. Art.

Su Trulofun er onyt, sem gisrest i Drickiuskap, edur af Omindugum, so sem Karlmanne innan fullra 20, en Kvenmanne innan 16 Ara 5. Art.

Po tillætur Ritual. 8. Cap. peim Personum ad samanvigiast, sem vered hafa til Gudsbords. En eitt Ungmenne kan til Alltares medtakast 15 Ara.

Samt gylder ey skrif- edur munnlegt Egtaskapar Loford, einnar Mansperſonu, peirre Kvenſvipt gefed, er hanu leiged hefur fyrren peße er 25 Ara. Su Trulofun, sem af Raudung skedur, agtast ecka, so framt pad gefest til kinna fyrer Brullauped.

Forordn. 27. Dec. 1770 tilliet Systkina og Næst-Systkinabarna Egtaskap, hvar um framar ey purfte ad sækia um Kongsleise, somuleydes Eckiumsmnum, ad egia peirra fráfallnu Konu Systur, edur Systurdotter, og so vidar ofan efter i somu Linu. En peße Forordn. var med annare sydare af 3 April 1771 pannig umbreitt, ad par inne leisdest, yfer Hófud, einum og sierhverium Egtaskapur, i ollum peim Frændsemis og Mægdalidum, sem utprickelega i Guds Logum ey finnast fyrarbodner, án sierdeiles Kongsleises. En sama Tilláseme, var par efter, innkollud, med Forordn. af 14 Dec. 1775, sem gefur N. L. 3—18—9. Art. sinn fulla Kraft. Egtaskapur er nu peßvegna fyrerbodenn: 1) I Frændsemi a) Millum Foreldra og Barna og so vidar ofan efter. b) Millum Brædra og Systra, hvert heldur

sins og 5 Votta, med Ráde og Samþycke rettra Giptingar Maña.

heldur eru heel edur Hálfsystkin. c) Med Fodursyster og Modursyster og so vydar uppefter.

2) I tillite til Mægda. a) Millum Stiupforeldra og Stiupbarna, Svigerforeldra og Svigerbarna, og so vidar nidur efter. b) Med Heil edur Hálfbroduris Eckiu. c) Med Fodur- edur Modurbroduris Eckiu, og so vidar uppefter. d) Med Fodur- edur Modursyster framlidennar Konu Mans, og so uppester.

Enn um Kongsleife gefst Von til Eptaskapar i fylgiande Lidum: 1) I Frændseme. a) med Fodurbr. og Modurbr. b) mille Systkinabarna, þad er þeim sem mættu vera skilder, allt til 3die Lids, hinnar josnu Sydulynu inclusive.

2) I Mæadum. a) Med fráfallennar Konu Heil edur Hálfsyster. b) Fodursyster edur Modursysterens efterlatna Mans, og fráfallna Mans fodur edur modurbrodur. 3) I þeim annarskinns Mægdum i uppstigande Lynu, millum Stiúp- edur Svigersonar, og Stiup- edur Svigerfodurs, esterlátenner annarar Hustrúr, samt millum Stiup- edur Svigerdóttur, og Stiup- edur Svigermodur, esterlifande annars Manns. Her næst er athugande, ad vid Trulofaner má eckert Gylde haldast under 2 Rd. Straff, fyrer hvert um sig Festafolksins, til þeirrar Soknar Fatækra hvar Gyldet er halded, og jafnmiked til Fogetans. Brullaupped sie fullgiort innan hins 6ta Sunnudags efter Trulofunena, og má eingan Uppsettning, á Eptaskaparens Frammqvæmd tillatast Hiónaefnunum, heldur skulu þeir, sem Hiónavixluna draga vilia, fyrer hveria viku, sem hun utserst, betala 1 Rd. til Soknarennar Fatækra. Tillated er Trulofunena ad riufa, þegar bader Partar

Giptingar Meñ eru Forelldrar, edur þeir, sem i Forell'ra Stad eru; vilie þeir ecke samþycktia Giptumáleñ, þá eiga Syslumadur og Prestur, ad ransaka, fyrer hveria Sök þad er, og siñe þeir hana ei gylda, þa meiga þeir leisa Ráda-hagen; sia Egtask. For. af 3 Junii 1746.

Heimugleg Trulofun er su, sem ecke er giord epter þessare Reglu, hver ecke á ad gylda. N. L. 2 B. 18 C. 3 og 6 Art. Nema ef Madur og Kona hafa openber orded ad Fridlulifse; þa skal hañ vera skylldugur ad egta Konuna, ef þad beviisast, han hafe verid buen ad losa hcñe Eigenorde, med Hond og Siguete, edur i tveggja skilrikra Votta Vidurvist. Forordn. af 5 Martii 1734.

Allar Personur meiga byria Egtaskap, sem þar til eru hæfelegar; En hæfelegar ern þær, sem Løgen ecke þar frá hindra i einhvern Mata.

Nockrum Personum er ad ollu leite fyrerboded ad giftast, so sem eru:

1) Gelldingar, Sia Ritual. p. m. 271.

2) Þær Personur sem ádur hafa brotlegar orded i Hionabande, utan med Kongsleyfe. N. L. 3 B. 18 C. 15 Art.

3) For-

þar i eru sampicker, og Inskrifest þa þeirra Beidne þar um i Ministerialbokena, med þeirra undirskrifudum Nøfnum, en næsta Sunnudag lyses af Predikunarstolnum, ad Trulofunenne sie uppbrugded. Vilie sa eine Partanna, vegna loglegra Ordsaka hafa Trulofunenne uppbrugded ad Løgum, skal han Stefnu innan halfs Manadar utteked hafa, under adursagda Mulct. Forordn. 19. Febr. 1783.

3) Forbodner Lider i Frændseme og Mægdum, sem Men vita hverier eru, og upptalder eru i 3 B. 15 Cap. hier á epter. En fyrer Mægda skiliast ecke alleina peir, sem eru i Blodskyldu vid Eigin Konu Manns, Helldur og hveria þá Konu, sem han hefur lijkamlega kiendt, sjá N. L. 3 B. 18 Cap. 9 Art. §. 5.

Annars gefast Mægder þrennslags:

1) Þær Fyrsta Kyns Mægder, mille eins Manns, og allra Frænda hans Egta Kvinnu; og þessar eru þær sem hindra Egtaskap. 3 B. 18 Cap. 9 Art. §. 4.

2) Þær Annars Kyns Mægder, reiknast á mille Frænda Mannsins og Frænda Konunnar; þessar eru einnre Personu firnare, en hinar fyrre, og þess vegna ecke fyrerbodnar: So meiga tveir Brædur, eiga tvær Systur, og so fleire af þeim Personum, sem eru i Sijdulijnunne; en sie einur Personan i Uppstijgande, en hin i Nidurstijgande Lijnu, þa er þeim, Sidsemdar vegna, eijleyst ad egtast; so má eingin taka sins Stiupfodurs epterlátnu Husfru Art. 9. §. 6. því þessar Personur eru i vissan Máta ad álita, sem Forelldrar og Børn; og hier af synest þad ei helldur ske meiga, ad nockur fái sijns Teingda-Fodurs Husfrur.

3) Þad þridia Kyn Mægdanna, er en nu einum Manna firnara, so sem; nær ein Madur hefur átt tvær Konur þa teliast Frændur Kvennanna, á þennan Hátt Mægder sin á mille. Fyrer slikum Mægdum er ei Rád giort i vorum Løgum, helldur minnest eg þeirra hier, til Frodleiks þeim er les.

Hier ad auke eru Gudsyfiar, sem i gamla Daga var uppáhallded, en nu eru Draumur einn.

Peim Personum, sem eru i þridia og Fiorda Lid, er ad vijsu leist Hionaband; En verde þær adur uppvijsar ad Fridlulijse sijn á mille, meiga þær ei giftast, utan Kongsleyfis; sjá Storadom. 4) Eingen okend Persona, Karl edur Kona, má takast i Hionaband, nema hun hafe Vitnisburd uppa sijn Frijheit. N. L. 2 B. 8 Cap. 3 Art.

5) Eingen Eckiumadur nie Eckia, má ad niju byrja Egtaskap, fyrr en løgleg Skipte eru gior, á epterlátnu Fe þeirr Afdauda N. L. 2 B. 8 Cap. 4 Art. 5 B. 2 Cap. 13 Art.

Trulofudum Personum er ei leyfelegt aptur ad skilia; heldur eiga þær strax, epter þriár Lysingar i Kyrkiuñe, ad láta sig saman vijgia. Forordn. af 3 Junii 1746.

Po gefast þær Orsaker, fyrer hveriar Trulofad Folk má skilia, og Trulofunen onyrist. sem er:

1) Ef Trulofun er sken i forbodnum Lidum.

2) Ef annadhvert Madureñ edur Konan, forsjá sig i Legords Sok med annare Personu. 3 B. 18 Cap. 14 Art.

3) Ef nockur trulofar sig tveimur, þá má han hverigre behalda. ibid.

4) Ef Festar-Madureu yfergefur Konuna, edur Hun Han, uppi þriu Ar forsallalaust, þá má su yfergefna Personan vera laus. ibid.

5) Ef annad hvert þeirra fellur i Obotamaal. ibid.

6) Ef annad hvert þeirra verdur krankt af Olæknande skadnæmum Sjukdomi. ibid.

7) Fyrer

7) Fyrer þvi er ecke Rád giørt i vorum Løgum, ef oforlikanleg Illynde iñfalla millum trulofadra Persona; En þo munde þad verda fullkomen Skilnadar Sok, so vel hier, sem epter Jure Rom. Germ. Struv. lib. 1 Tit. 6. Aph. 19.

Jafnvel þo Trulofudum Personum sie oleyfelegt ad sænga saman, adur þau eru copulerud R. L. 2 B. 8 Cap. 6 Art og 3 B. 18 Cap. 12 Art; þá hefur þo Trulofunen þañ Krapt, ad þad Barn, sem løglega Trulofadar Personur geta sín á mille, Hefur Egtabarna Rett, 5 B. 2 Cap. 33 Art.

6. Cap.

Um Hiona-Banded.

Hionabanded er løglegt Samneyte, eins Mañs og eiñrar Konu, til stadfastrar Sambudar, iñbyrdis Adstodar, og Mañkynsins Fielgunar.

Par til utheimtast þrijr Hinter, sem eru:

1) Løglegur Underbuningur, um hvern allareidu talad er. 2. Hiona Vijgslan. 3. Likamleg Sambud.

Hvad Hiona-vijgsluna, edur Copulationem Sacerdoralem áhrærer; þá heyrer hun til Kyrkiu Reglunum, og þvi talast hier ecke um heñar Máta: Alleina vil eg geta um Festingu edur Festarmál, sem hier i Lande hafa vidgeingest epter R. B. H. K, Jol. L. 1 E. Su er ein løgleg

Festing

Festing &c. Hver Ceremonia ecke er fyrerskrifud i vorum Kyrkiulogum, brukast ei helldur añarstadar i Rikunum; so sem hun og fyrer utañ Bigsluna i Kyrkiuñe hefur eingañ Krapt, ad stipta løglegt Hionaband: þar fyrer er hun og i Hionab. Forordn. af 3 Junii 1746. 3 Art. afteken, med þessum Ordum: A hverium Deige ei skal leifast, sem hingad til sked er, ad fyrertaka, edur uppleſa, þa so kalludu, NB. Haandfesting (epter þeim danska Original); qvod, (minus recte) Hionabands Skilmálar vernacule translatum est.

Pad þridia sem til Hionabandsins Fullkomnunar utheimtest: er Copulatio carnalis, edur Lijkamleg Sambud Hionaña, til Mañkynsins Fiolgunar, sem er hofud Tilgangur og Nytseme Hiuskaparins; hvar fyrer þeir eru ohæfer til Egtaskaparins, sem ecke eru i Barna Von, so sem Gelldingar og Gamalmeñe; somuleidis, med því ecke næger ad Børn sieu geteñ og fædd, nema þau og so verde ærlega uppalen; þá skylldi med reittu þeim ecke leifast at iñgánga Hionaband, er saker Omeñsku og Efnaleysis, eru olijkleger til ad forstanda sitt Hus.

Af Hionabandenu fylger iñbyrdis Rettur og Skyllda mille Hionaña: 1) Ad þau sine hvert odru Trygder, og lifa samañ sidsamlega. N. L. 6 B. 5 Cap. 7, 8, 9 Art. 2) Byriar Boondanum ad hendla vel og skilvislega med Fe Konunnar. 3) Ma Konan ei synia honum Felags. Kv. g. 3 Cap. 4) A hun ad eptirfylgia Mañenum,

unum, hvar hañ ad Sialfsvilia stadnæmest, og verdur hun þarimot hluttakande i hañs Rette, og Verdngleika Kv. g. 3 Cap. Klb. 19.

7. Cap.

Um Hionaskildnad.

Hier talast ei so miog um þañ almeña Hionaskilnad, sem skedur fyrer daudlegañ Afgáng añarshvers þeirra; heldur miklu framar um Divortium, edur Skilnadarskrá, sem þeirra mille giord verdur med Dome, fyrer løglegar Orsaker.

Þessar Orsaker eru:

1) Adulterium edur Hordomur, af hende añars hvers Hionaña, þá má su saklausa Persona sá sig lausa med Skilnadar Dome N. L. 3 B. 18 Cap. 15 Art. og giftast aptur; eñ hitt Hionaña er Skilnadar Sokena gaf, má ei giftast utan Konungs Leyfis f).

2) De-

f) Vid Hordom er framar athugande: 1) ad þad næger ey, ad su sakfelda Persona, medkenne sialf Verked, heldur meiga allar nøgulegar Bevisingar, um Corporis delicti Virkeleghcit, upp astvaft, so sem og 2) hvert su klagande Persona sialf sie siknsaka, þvi sie hun ey þad, meiga þær ey adskilia. 3) Hvert hun ey aefed hafe þeirre sakfeldu Ordsok til slikrar Yfirsionar, med Hór edur Tyrannaskap o. f. Ey heldur skal Voldtekt saka þá siknudu Personu, til þess, ad hun sie

2) Desertio Malitiosa, þegar oñad hvert Hionaña, af Illvilia yfergefur sín Egtamaka; þá má su yfergefna Persónan stefna hiñe, til Skilnadar Doms; hver Máls Adferd fyrer skrifud er i 15 Art. 2 §.

3) Im-

2) Modi Originarii edur Uppruna Adkomster, þegar vier edlunst fyrster þá Hlute, sem i einkis Mañs Eigu eru, edur hafa vered; og Derivativi edur Meddeildar Adkomster, sem vier fáum af Epterlátsene hins fyrra Eiganda.

Þær Náttúrlegu Adkomster eru:

1) Occupatio Nám eda Feingur.
2) Accessio Vøxtur og Vidurauke Fjáriß.

Þær Løglegu Adkomster eru:

3) Traditio Afhending.
4) Donatio Giof, Løggiof.
5) Sucessio hæreditaria Erfdarettur.
6) Usucapio, Hefd, Løghefd.

Um allt þetta verdur hier eptir, i sine Rød, skilmerkelega høndlad.

---

3 Cap.

Um Asigkomulag þeirra Hluta, sem i vorre Eigu eru.

Nockrer Hluter eru Veruleger og Preifanleger; nockrer Opreifanleger.

Corporales edur Veruleger, eru þeir, sem vier siaum fyrer Augunum, og þreifum med Hondunum, so sem adra Likame.

Incorporales edur Óþreifanleger, þeir sem ei formerkiast med þeim ytre Skilningarvitum; helldur verda hafder i Panka og Sinne, og bestanda i nockurskonar Herlegheitum og Hlunnindum, so sem i forna Daga voru hier i Lande, Godord, sem siest af Tiunda Stat. og Christen. R. 26. Cap. Godord þarf Madr ei at tiunda, Veldi er þad, eñ ecke Fe. Eñ hvar i soddañ Herlegheit, sieu nu á Dogum iñefalen, vil eg synna i epterfylgjande Capitula.

Þeir Verulegu Hluterner adgreinast i Hræranlega og Óhræranlega.

Hræranleger edur Mobilia, eru þeir sem med heilu Lijke má færa ur einum Stad i añañ, hvert helldur þad er Kvikfe eder dauder Aurar. Þeir kallaſt i Logunum Lausa Fe og Laus Ejrir. item Rørendis Gods og Lose Øre. R. L. 5 B. 6 Cap. 6 Art.

Þar gefaſt og adrer, sem ecke eru Lauser eda Hræranleger af fialfra þeirra Naturu; eñ reiknaſt þo fyrer Lagaña Tilskipun med Lausa Fe i þeim R. L. 5 B. 3 Cap. 18 Art. Kaupstada Gots og Jarder, eru Lausa Fe; og ma seliaſt.

Óhræranleger edur Immobiles gefaſt eiñen med tveñu mote:

1) Af Natturuñe, so sem eru Jarder, Skogar, og Rekar, sem i Logum heita Eign og Fasta Eign. Maūh. 1 Cap.

Jard-

Jardagots adgreineſt i Høſudbol, Erf. 1 Cap. ſem eru þeir ſtærre Gardar, epter Almeñings Tale, 60 Hundrada og þadan af meire ad Dijrleika; og Utjarder Erf. ibid. ſem kallaſt Leigubol L. b. b. 1 Cap, og Strøgods N. L. 5 B. 2 C. 63 Art.

2) Reiknaſt ſumer Hluter med Faſta Gotſe ſyrer viſſa Orſok i Løgunum; þott þeir af Náttúruñe ſieu hræranleger; ſo ſem Inventarium, eda Iñſtædu Fe; og añad þad ſem Jørdum fylger, ſo ſem Hus, og þad ſem greipt edur neglt er vid Bita edur Bialka i Huſum. L L. b. 9 Cap. So reiknaſt og Haſſkip med Faſta Gotſe. N. L. 5 B. 7 C. 7 Art.

4 Cap.

Um Eiginlegleika Herradæmiſins.

Nu kem eg til at giøra Grein a þvi, ſem adur hefe lofad uñ Eiginlegleike Herradæmiſins yfer vorum Fiárhlutum, ſem i þeſſu epterfylgiande iñefalner eru:

1) Ad hafa Hluteñ i ſinu frialſu Forræde, Høndog Hefd.

2) Ad uppbera ſialfur hans Gagn og Nytſeme.

3) Ad kuña afhenda hañ ødrum til Eignar, og eins ad láta hañ epter ſig til Erfdar; þvi þad Fe ſem adrer eiga iñe i Bue Mans, kuña Erfingiar ei med Løgum ad erfa; hvar uñ ſijdar.

4) Í því ad kuña bryggia Gotsed, undan añara olegleqre Hefd og Jsetu; sem er sá fornemste Partur Herradæmisins.

Það kallast Dominium plenum, edur Fullkomed Herradæme og Eignar Rettur, nær allt þetta fylgest ad; eñ Minus plenum edur Midur Fullkomed, nær Eignar-Retturen er i nockru skertur; hvar til eg vil leida nockur Rok eda Dæme af Løgunum.

1) Eiñ Omage er ad vissu Drotteñ yfer Eignum sinum og Gotse, uppber eiñig þar áf Avextu; eñ samt hefur hañ ei frialst Forræde þeirra, sem i 1 B. 14 Cap. er sagt.

2) Nockrer hliota eiñen ad missa Avoxtu af sinu Gotse, og láta þa falla under adra, eñ behallda þo sialfer Eigindome Justæduñar, hvar uppa eiñen Dæme gesst F f b. 4 Cap. ef Karlmadur kvongast Ingre eñ tvitugur.

3) Stundum eiga Meñ oskiptar Eigner til samans, ecke alleina Lausa Fe, helldur og so Fasteigner: Jarder, Skoga, Neka ꝛc. og þa hefur hver þeirra fyrer sig fullkomeñ Eigindoms Rett, eptir siñe Tiltølu; eñ eingeñ kañ þo ráda þar yfer framar eñ hañs Eigu svarar. L l b. 19. m)

4) So

m) Um oskiftar Eigner er framar merkiende: 1) Ef neitt er oskyftre Jrdu, i Oleife Eiganda, skiftest Averke og Landnám, millum Sameiganda, efter Jardarmagne; Enn sie Jordenn skift, tekur hver fullt Landnám efter sinn Hluta Ll b. 19 Cap. 2) Jarda og Eignaskiftum, skal sá rada, er stærstum vill skifta, ef eingann skadar. Sömuleides

So er þad og vijda at finna, þar sem eitt á Jørd, edur Fundum; þar á annar Madur Lod eda Superficiem yfer.

Lod merker allan Avext Jardarinar L l b. 10 C. Soddan Eign kallast þar fyrer Jus Superficiei, þad er Lodar Rettur; og so er þa men eiga Eing edur Skog á annars Jørdu.

Sá er Einge á, hann á einen Grasrotena, sem siest þar af, at hann má risa Vid; ef þar vex i hans Eingia Marke L l b. 24 Cap.

Ein Skogar Eigande á ecke Nætur Trjánna, helldur sá er Jørd á under; so sem L l b. 21 Cap. syner: at nær Skogur er aleyddur, þá á Landeigande, bæde Skogarstødu og Vidarvext.

Þo hverigur þeirra egi Jørd under Skoge edur Einge, þa meiga þeir þo bruka hana, so miked, sem þeir þurfa at hagnyta sier Gagnsemdena þar af; so sem, Eingia Madur til ad bua þar um Hey sitt, og skera Torf þar til, en ei til ad hlada Vatnsveitinga Stjiflur. Skogareigande

leides Arskiftum, sá stærstum Vikum vill skifta. 56 Cap.

Sá hefur einnig Byggingar Rett, á þeirre Jord er fleire eiga Lod i, sem á hinn stærsta Part; enn eige aller jafnt, rædur Byggingu hver med ødrum. Enn verde þeir þar um ósampicker þá skere Lod millum þeirra N. L. 3 — 14. 2 Art. 3) Akra, Husa, Teiga, Skoga og laustra Aura Skiftum, skal sá rada er skifta vill Llb. 20 Cap. Enn sie þad Gripur sá, er ei verde Skiftum ákomed, skadlaust; biódest hann Sameiganda tilkaups; enn vilie hann ei kaupa, lutast um med Lode hver kaupa skal. ibid.

eiñig, ad stijuga þar Kolgrafer, og á þar Hestum sijnum uñ Daga, medan hañ viñur Skog. Ll b. 21 Cap. eñ ei má hañ adra Beit hafa þar, utan uñ Vetur, þegar meir biitur Skog eñ Jord. ibid.

---

5 Cap.

Um Hlunninde og Not af annara Eign og Gotzi.

Hluñinde merkia hier nockurs háttar Rettugheit, yfer Hlutum añars Mañs, hvar med Eignar Retur sialfs Eigandans er so skierdtur, at hañ hlytur at þola, þad añar hafe Brukun og Not af þeim somu Hlutum.

Slikt kalla Juristarner Servitutes edur Pienustu, og heiter þad so á þess Sijdu, sem Hlnteñ á, og má láta hañ þiena under añan; en Hluñinde eru þad rettkellud i Tilli til þess, er nytur; og gefast þau med tveñu Mote; nefnelega Servitutes Reales og Personales.

Servitt. Reales, edur Prædiorum rusticorum, eru hier þau Rettugheit, sem ein Jord hefur til at bruka og hagnyta sier Eign añarar Jardar. sia Ll b. 6 Cap. hvar soddañ Hluñinde eru nefnd Giæde, edur Irök i eñur Lönd, af hverium hier skal nockur telia.

1) Ier, Actus, & Via; sem eru allslags Veger og Götur yfer Land añarar Jardar, sem i vörum Lögum tilgreinast, Þiodgata, Sæturgata,

gata, þad er Selvegur, og Fiar Rekstur L l b. 43. 44 C. Hveriar eingeñ má ödrum baña, þar sem þær ad fornu vered hafa: þad er adskilia, nær þær med loglegre Hefd eru ákomuar. n)

2) Aqvæductus edur **Vatns veitingar** Rettur, sem er Frelse, til ad veita sinu Vatne yfer añara Land. L l b. 22. 24 Cap.

3) **Bruargiörd** i añars Lande L l b. 42 Cap.

4) Jus pascendi sem er Bufiár Itala eiñrar Jardar, i Hagbeitar Land añarar. L l b. 4 Cap. item Jus Compascui, Gelldfiár Itala; samt Nauta og Hrossa, i Afrettar Lönd, þar fleire eiga Itölu til samans.

5) Giæde af añars Mañs Fiöru, sem kallast Landgegn, hver Upptaicñ eru R. b. 2 Cap. og L l b. 7 Cap.

6) Leuding og Skips Uppsátur ibid.

7) Selstödur á añara Jördu, og fleira þeßu lijkt, eptir ákomeñe Venju i hverium Stad.

Adkomsten á slijkum Hluñindum og Itökum, er eins og á ödrum Hlutum: en þar sem nockur þykest vanhalldeñ i einhverium slijkum Sökum, þa kañ hañ at hallda þeim under Fimtarstefnu Dom; þá

n). Um Vegu og Þiodgötur er merkiande, Resc 29 April 1776, sem bjödur, ad Syßlumenn á Vorþingum, tilseige Bændum i Junii og May Mánadum, ad ridia einn agvardadann Part Þiod brautar i Sveitunum árl. og Fiallveige þá, er eige eru yfer Þingmannaleyd. Sá ei mæter efter Tilsögn vid Rudninguna, bæte 2 Lod. Silfurs. Selfarer eru og endurnyadar med Resolut. 26 Febr. 1754.

þá Syssłumaduriñ, med 6 Doms meñum, skal giora þar Areid, eptir N. L. 1 B. 16 Cap.

Servitutes Personales hafa Juristarner þrenn slags; sem er Ususfructus (Agooda Not) Usus (Brukun), og Habitatio (Abud).

Vier vilium hier alleina tala um Usumfructum, edur Agoda noteñ, sem iñebinda i sier hvertveggia hitt.

Ususfructus merker hier þar fyrer Personuleg Herlegheit og Hluñinde, iñefalen i þvi, ad taka Avøxt af añars Gotse, ad Høfudstolnum oskerdum; þvi Proprietas, edur Eigindomur Høfudstolsins, hverfur ei ad helldur frá þeim retta Eiganda.

Þeße Ususfructus kallast i N. L. **Brug** þad er **Brukan**, 5 B. 5 Cap. 4 Art. og **Brugelighed** 5 B. 7 Cap. 9 Art.

Adkomsten á slijkum Agoda Notum, skedur med ymsum Hætte:

1) Af Eptirlátseme þeß, sem er Drotten yfer Gotzenu, fyrer Veiting eda Forliening, so sem eru hier i Lande: Biskups Stolar/og Beneficia Prestaña, hver ad rettu Lage eru Cronuñar eda Kongsins Godts, en Agoden lagdur til Geistlegrar Brukunar.

2) Fyrer Testament N. L. 5 B. 4 Cap. 20 Art. þegar añandhvert Hionaña bresar edru til Brukunar og Nota sitt eptirlátande Godts, eñ sijdan geingur þad aptur i rettar Erfder.

3) Hafa vissar Personur Agoda Not, fyrer Tilskipan Lagaña, so sem Geistlegra Eckna Nádar Ar af Beneficiis, epter Forordning Frid. 3. af 3 Maji 1650.

4) Nytur

4) Nytur eiñ Egta madur Avaxtar af Heiman fylgiu Konuñar, möte Tilgiøfeñe KK. 9. 2 Cap.

5) Nockur Agoda Not stipta Løgeñ Eigandanum til Strafs, ad hañ misser Avøxtu af Arfa Fe sinu, og þa ber under añan. Til Dæmis: F f b. 4 Cap. Ef Karlmadur kvongast yngre eñ 20 vetra, mote Frænda Ráde; hafe fyrergiørt Landskulldum sijnum og øllum Avexte Fiár sijns vid Erfingia. þo kañ ecke hier under ad skiliast Avøxtur af Asla fe hañs.

Rettur allra Agoda Maña kemur saman i þvi, ad uppbera Avøxtuna; en fyrer Avøxtu skilst:

1) Allur náttúrlegur Auke Fiarens.

2) Landskulder af Jørdum, og

3) Renta af Peningum, og Leiga af øðru Fe.

Spursmál kañ verda, ef Fe syndest i Jørdu: hvert þad skule heyra til Agoda Mañeum? Hvad mier ei synest; þvi þad er ecke veniulegur Jardar Avøxtur, sem Løgen almeñelega tilmeina: helldur øfdvanaleg Heppne. Siá hier um næstfylgiande Cap. Ei helldur reiknast hier Skogar med Avøxtum, helldur ganga til jafns med Høfudstolnum; hvar fyrer hañ ma ei bruka þa framar, eñ Skog á Leigulande L l b. 7 Cap.

Agoda Noteñ taka Enda, anad hvert:

1) Med Dauda Agoda Mansins, so sem á Beneficiis; edur.

2) Þegar Eigande Høfudstolsins deyr, og hañ fellur aptur under Løg Erfingia N. L. 3 B. 18 Cap. 2 Art. og 6 B. 13 Cap. 10 Art.

3) Med Undergánge sialfs Høfudstolsins.

Og

Og 4) þegar sá Lagatime er ute, sem eiñ skal niota Agodans: so sem er Nádar Ar Eckna, hvert er byriast i nærstu Fardøgum epter Hnßbondans Afgang, og endast i hinum þar eptir. Þa skal Høfudstolleñ i gødu forsvaranlegu Stande utsvarast. Siá Ordin. Christ. 4. nñ Beneficia, eiñen N. L. 5 B. 4 Cap. 20 Art. Fiñest þar á nockur Brestur, þa skal han uppbætast med Alage og Abudarfalle, eptir sem meted verdur o).

6 Cap.

Uiñ þær Nattúrligu og fyrstu Adkomster Hlutaña.

Í ødrum Cap. þessarar Bokar, hefe eg nefnt Adkomster, og med hversu mørgum Hætte þær gefast; Nu skal hier epter tala um hveria sier i Lage.

Adkomst edur Modus adqvirendi er eiñ viß Máte, til ad komast yfer Eign og Herradæme Hlutaña.

Løgleg Adkomst er su, sem skedur med Løgum og Rette, eñ Óløgleg þar þvert i mote, su er skedur med raungum Hætte, so sem á þeim Hlutum sem stolner eda rænter eru fra ødrum.

Þær Løglegu Adkomster eru añad hvert epter Náttúruñar edur Landsens Rette.

Modi

o) Agoda Rotenn taka og Enda, nær Agoda Madurenn verdur Eigande Høfudstolßens, so sem þá einn Leigulide eignast sitt Leiguból, er hiá Løgvitrum kallast Consolidatio.

Modi adqvirendi Naturales, edur Náttur-legar Adkomster, sem og so kallast Modi Originarii edur Uppruna Adkomster, voru þær fyrstu er Mañkynid hafde til ad leggia Hlutena under sitt Herradæme. Eñ nu á Dogum vidgangast þær á þeim Hlutum, er vier verdum fyrster Eigendur ad, og medtokum ei af odrum eñ gudlegre Forsion og Natturuñe, þeßar Adkomster eru med tveñu Mote:

1) Occupatio, sem er Nám, Hondlan eda Feingur þeirra Hluta, sem i einkis Mañs Eigu eda Uñradum eru, og þeß vegna epter Rette Nátturuñar, tilheyra þeim sem fyrstur leggur under sig, og fester Hond á þeim; so sánum vier i LandnamaSogu Islendinga, hverfu Formeñ vorer, sem hingad komu fra Norege, hafa numed hin obygdu Lond, er hier voru fyrer.

Soddañ Adkomst hofum vier eñ á þeim Hlutum, sem vier faungum eda odlumst, þá þeri eru ecke i nockurs Mans Eigu, so sem Fuglar, Fiskar, og þau Ferfættu Dijr, sem hlaupa Ville Vega og eingeñ eignar sier; item þeir Hluter sem hiñ fyrre Eigande hefur mist, og vier fiñum eignarlausa; hvar fyrer Occupatio edur Nám, adgreinest i Veide Dijra, Fugla og Fiska, og Fund.

1) Um Veide.

Venatio edur Dijra Veide, er Nám og Hondlan þeirra Ferfættra Dijra, sem ecke eru i nockurs Mañs Eigu; þar fyrer undañskilia st hier þau Spok og Tameñ Dijr, sem eiga siñ vissañ Hußbonda, so sem Hundar og Ketter ꝛc. P. b. 1 Cap. Ef Madur stelur Hunde edur Kette.

item

item Buse allt og Hestar, þad sem er med Marke og Menn vita hver á; Cñ Omarkad Fe og þad sem ecke finst Rettur Eigande ad, þo med Marke sie, þad kuña þeir ad eignast i hvers Lande Fed hitteſt, epter þeim Máta sem fyrerskrifadur er i L l b. 49. 50 Cap.

Cñ þau Dijr sem alla tima er frialst ad veida, eru Villudijr, so sem hiá oß eru Refar, sem einen kallast Melrackar. R. B. E. K. Þ f. b. 6 Cap. og þa meiga Menn veida á hverre Jørdu sem stendur: Somuleides Biarndijr L l b. 58 Cap. og á sa Biørn, sem fyrstur kemur Bana Sáre á hañ.

Rosmhvalur eda Rostungur, kañ ad hugleidast med Diirum, ad þvi leite sem hañ er bade Sio- og Land Dijr, og meiga Menn veida hañ hvar sem stendur; sá á Helming hañs, sem tilheyrer Land eda Netlog þar hañ er veiddur; en Kongenum tilheyra Toñur hans, sem oñur Gerseme.

Aucupium edur Fuglafang, er Nám og Hendlan þeirra Fugla, sem i einkis Mañs Eigu edur Eggvere eru; eñ Fuglar kuña med yuisu Mote ad hugleidast:

1) Eru nockrer af Nátturuñe spaker, so sem Hænsne, sem ei burtvillast ur Valde sins Hußbonda, og þvi kuña ecke soddañ Fuglar rettelega veidast af odrum.

2) Þeir Fuglar sem af Nátturuñe eru Otamder, eñ taka þo Speckt og Stodu i einu vissu Takmarke; hvar fyrer þeir tilheyra þeim er Landed á so leinge þeir ecke burthverfa, so sem eru Hreidur Elftur L l b. 57 Cap. sem orped hafa þriu Sumur

nær samfleitt i Lande Mañs. Eñ um̃ merkta Fugla er nu ecke ad tala; þvi þeir eru hverge þad eg tilveit hier i Lande. p)

3) Eggvers Fuglar, sem eingen má veida L l b. 7 Cap. Þar hefur vered um̃ prætt, nær Leigulida skifte verda a Jordum, hver Eggvered skylde eiga? Hvad mier virdest audráded af sama Cap. ad sa sem fra Jordu fer, skule eiga **þvilikt sem var hid fyrra Vored, Egg og Unga.** Og endelega á hañ þad so sem adrar Lands Nytiar fraṁ i Fardaga, ad athugudum L b. b. 7 Cap. nema Elftur og þeirra Varp sem Logeñ fráskilia.

4) Retter Villefuglar, sem talder eru L l b. 57 Cap. sem hver Madur má veida á siñe Jordu, þo ecke nær Eggvere añara Mañа, eñ 2 storhundrud Fadma, so þad spilleſt ei af Veideñe.

5) Villefuglar þeir sem allstadar má veida, sem Hrœfuglar og Mofuglar, ad frátekunu Riupum. L l b. 58.

6) Falkar R. B. E. K. sem eiñen kallast Valer L l b. 57 E. og Haukar þ b. 9 Cap. þeirra Veide tilheyrer Kongenum einum; eñ i forna Daga tilheyrde Erkebiskupenum i Prandheime Falkaveidiñ á Kirkna Eignum, sem siá má vijda i Arna

p) Eingenn má veida edur skióta Edarfugla á annars Lande, edur i synu Lande, ef Eggver er i Grend, under 3 Mks-Straff fyrer Fugl hvern, hver sem fordiarfar tilbuenu Hreydur fyrer þesslags Fugla, straffast med Voldsbotum. Enn Eggialeit i Edarhólmum, sie ei gior seinna, enn i Vikunne fyrer Jons M. Viku Hondl. Forordn. 3 Cap. §. 7.

Arna Byskups Sögu, og hefur það aflagst, eptir að Lögbókeñ var skipud hier iñ i Landed. Nu skulu aller þeir sem Falka vilia veida til Kongsins Þienustu, taka þar uppa Bref af Landsins Amtmañe.

Piscatio edur Fiske Afle er hin þridia Tegund Veidariñar. Veidestødur vorar eru añadhvert i Sio edur Vötnum, og a hver Madur Veidestodu i þeim, sem i, edur fyrer hañs Lande eru, Nema med Lögum sie frákamed. L l b. 56 Cap. eñ sa sem án Orlofs fiskar i añars Vatne, hañ veider fyrer þañ sem Vatned á ibid.

I Sio meiga aller Meñ ad friálsu veida, fyrer utañ Netlög edur Fiskhelge añara Mañna, sia hier ad framañ. 1 Cap. þvi sa Fiskur er iñañ þessara Takmarka veidest, er añadhvert Lands drotteñs edur Fiaru Mañsins. Rb. 8 Cap.

Pad kallast Veidur eda Veide, sem Flutt er til Lands á Skipe, eñ Flutningur edur Hlaß, þad sem roed er fyrer.

Fluttninga má stitia á hvert Land er vill. Rb. 6 Cap. utañ ef Landseigendur eru fleire ad Fluttninge, þá er skyldt ad roa á þess Land sem nærst liggur, ibid. 8 Cap. Landeiganda Partur er 2 Hluter, eñ stitienda Þridungur ibid. 7 Cap.

Skotner Hvaler eru þeir sem skutlader verda med þingbornum Jarnum. Rb. 5 Cap. og á sá Hvaleñ, er fyrstur kom Banaskote á hañ, ibid. eñ þad er Banaskot sem geingur iñ ur Spikinu.

Ef Skot finst i Rekhval, þa er Skotmans Hlute Helmingur, eñ i Flutnings Hval þridiungur Rb. 4. og 7 Cap.

Vidara

Vidara hier um má lesa i sialfum Reka B. so eg kuña vera ymsar Sidveniur i ymsum Veidestødum, sem mier eru ei kuñugar. Uñ Reka talast á sínum Stad, þvi hañ er ecke Veide. q)

2. Uñ

q) Um Fiskeasla er frekar greinande: ad Forordn. 28 Febr. 1758 tilheldur Formønnum og Hásetum, ad vera komnum i Vertijdar Byriun, til Skips þeß er þeir hafa fest sig, under 1 Rdlr. Straff fyrer Formannenn ef hann tefur yfer 3 Vikur, enn Helft þar af fyrer Hasetann. Hasete sá er eige kemur til Skips þá kallad er, bæte 5 Fiska; enn hans Forsomun 1 tima vardar 3 Fiska. Hver sem þvingar Formannen ad róa til Lands, edur er tomiátur ad fiska, luke 2 Fiskum. Hver sem forlætur þann Bát, er hann hefur fest sig til, arjpest og dæmest i Peningasekter edur ljde á Kroppnum.

Ef skoten Hvalur er fluttur á Land og verd ur þar skorenn, án Lodarennar Skada, lgisrest einaenn Landshlutur af honum, enn spillest Lod þar vid, hafe Landeigande ⅛ Hvalsens. Reser. 22 Junii 1779.

Kynne Skotmadur ei ad kalla til Skots, efter Ar og Dag, ad Skite hans var Lyst á Alþinge, fellur Skotmanshlutur, á Bænda Eignum, til jafnra Helminga, mille Syßlumans og Landeiganda, enn á Kongs og geistl. Gotse, til Umbods- og Stadarhaldaranna. Plac. 4 May 1778.

Á Bænda Eignum er Landsdrottin skyldur ad leggia Vide til Husabyggingar Kl B. 3 Cap. enn efter Forordn. 29 Nov. 1622 er Leigulide skyldur ad byggia, og vidhalda Husum á Krúnunnar Jordum, uppa sialfs Kastnad.

2. Um Fund.

Inventio eda Fundur, er Hendlan og Uppnám þeirra daudra Hluta, er Madur hitter fyrer sier, og sveit ey hver Eigande er að.

Fundnu Fe skylde Madur lijsa samdægris epter Þ. b. 14 Cap. eñ epter N. L. 5 B. 9 Cap. 1 Art. skal Madur lijsa því á fyrsta Kirkiu Samsunde, edur fyrsta Pinge, eñ annars verda Þiofsur fyrer. 2 Art.

Fundeð Fe er med tveñu Mote: annad hvert ad sá fundne Hlutur er á Berángre, edur orpeñ i Jordu.

Það sem á Berángre fundeð verdur, eignast Fiñande sialfur, ef eingeñ framkemur Eigande. Þ. b. 14. eñ sá er Eigande, sem getur med Vottum bevisad sina Eign, edur fært eñur preifanleg Kieñemerke þar til: so sem ef eiñ finde Signet mitt, þa er mier það nóg, nær eg kañ sijna og saman bera þeß Afspricking, sem sken var adur það tindest.

I Jardvorpnu Gotse á Fiñande Þridjung Þ. b. ibid. eñ Landsdrotteñ 2 Hlute, med þeim Rette sem i epterfilgiande Cap. sijndur verdur.

Hin þridia Tegund Occup. er Occupatio Bellica edur Herfang. Struv. Lib. 2. Tit. 1 Aph. 28. sem er ein Adkomst á því Gotse er Meñ viña af sijnum Ovinum i Stride, epter Rette allra Þioda, hver vorum Logum edur Landshætte kemur eckert vid.

---

7. Cap.

Uñ þa adra uppruna Adkomst.

Su eñur Natturlega og Uppruna Adkomsteñ, er Accessio edur Vøxtur og Vidurauke Fiárins, hver epter natturlegum Hætte, tilheyrer þeim sama Mañe er Hlúteñ á; soddañ Vøxtur er med þreñu Mote.

1) Af sialfre Natturuñe, hvar fyrer hañ kallast Accessio Naturalis edur Natturelegur Vidurauke, so sem er allur Avøxtur af voru Kvikfe, ad hverium vier verdum Eigendur eins og sialfu Fenu, epter þeirre rissu Reglu: Partus sequitur ventrem; þad er: Fostur fylger Fe, edur tilheyrer þeim sem Modureñ heyrer til. sia L l b. 49 Cap.

So og skedur þetta á Lande voru, sem er añadhvert Sidvanalegur Avøxtur edur Osidvanalegur. Sidvanalegur Avøxtur eru allar Landsnytiar. L b b. 7. Osidvanalegur Vøxtur, er Vidurauke á Lande, af þvi er Vatnsfoll bryta af Añara Maña Londum smámiamañ og bera aptur ad vorre Landseignu, og giora þar Backa edur Eire: þá á sá þad sem Land á fyrer ofañ: Struv. Lib. 2. Tit. 1. Aph. 33. og kallast þesse Vøxtur, hiá Juristunum Alluvio. Þad sama vidgeingst eiñeñ epter vorum Løgum L l b. 24 Cap. Hver Madur á Vøxt á síñe Jørdu.

Eñ þvi er odruvijs vared, ef Vatns Falled brytur sig ur þeim retta Farveg, uppa añars Mañs Land, þá eignast sa same Ana, eñ behelldur samt

Lande sinu fram i hin forna Farveg midian, sem ádur var L l b. 56 Cap.

Eins þo Aen briote sig leingra uppa Land Mans, og giøre Holma mille þess Nija og hins Forna Farvegs; þa á hin same Holman sem ádur atte, medan hán var fastur vid Meigin Land. L l b. 24 Cap. Hvar fyrer þad er og rettast á vorum Døgum, ad halda Landa Merke i þa Vatna Farvegu, sem likleger eru til ad vera Eldster og Beinaster.

Fyrer þvi giøra vor Leg ei Ráð, ef Holme kan ad koma upp i midiu Vatnsfalle; en epter Þijdverskum Løgum, heyrer hán bádum jafnt til, sem Lønd eigu tveim meigen. Str. Lib. 2. Tit. 1. Aph. 35. Hvad og sijnest standast meiga vid vor Løg; þvi þar sem Landeigendur eiga, hver fram i midian Farveg Vatnsins, so fylger þar af, ad sie Holmen nær ødrn Landenu, þa tilheyrer hán þeim einum.

2) Kallast Accesio Artificialis. v. Industrialis, sá Vidurauke Fiárins sem kemur af Mana Tilstille, sialfra vor, edur anara.

Þesse Vidurauke er med Siøfølldu Mote upptalen i þeim Romverska Rette; sem ad er: Specificatio, Adjunctio, Inædificatio, Plantatio, Satio, Scriptura, Pictura, sem ey finur stad i vorum Løgum, utan alleina Inædificatio, sem er Husbigging á Jørdu anars Mans; og er þad fyrst greinande: hvert Madur bigger Hus á sine Leigu Jørdu. L l b. 3 Cap. þvi þar á hán þau Hus er hán bigger fram yfer Leigulida Skylldu, en Landsdrotten Rett til ad kaupa þau fyrstur Mana.

Um

Uñ Hus þau sem eiñ Abuande bigger á Kongs Jørdum, hefur leinge hallded vered ad ei mætti aptur burttakast; hvar til Forord. af 29 Novembr. 1622 hefur gefed Anleidning. Eñ vor nu verande Allranádugasti Kongur hefur gefed þar yfer goda Rettarbot, med einu Rescripte af 22 Martii 1748. Ad slik Hus þyrftu ei naudsynlega ad fylgia Jørdunum framar, eñ Vidkomendum kemur samañ, med Ráde þeirra er Umsion hafa eiga yfer því Gotse.

Eñ stande Hus fraṁ yfer Fardaga heimilldarlaust, epter ad þeirra Eigande er fra Jørduñe, þa fellur á þau Lodhelge, sem er, ad þau fylgia Jørdiñe og verda heñar Eigu upp þadañ. L l b. 3 Cap.

Añad er ad tala um þau Hus er verda á Jardar Eign áñars Mañs i Skiptum. L b. b. 3 Cap. því þau meiga standa þar so leinge Huseigande sialfur vill, eñ þo má hañ ei flitia Torf því til Adgiørdar, utañ ur sinu eigeñ Lande.

Eñ ad eg tale framar uñ Lodhelge, þa er hun ad vijsu ein Art af Acceſſione Induſtriali, og skapar Mañe Adkomster á fleirum Hlutum, eñ Husum; so sem því, er Leigulide skilur epter á Jørdu og flitur ei ur Veige, epter Løgum. L l b. 9. Sømuleides ef Kol liggia á Jørdu Mañs i 12 Mán: L l b 21 Cap. og Triá Vidur á Reka Fiøru Rb. 1 Cap. þetta eignast allt sá sem Grnnd á under.

A hinu giøra vor gømlu Landsleg, so Grein: ef eiñ bigger med Asetninge Hus ad niju á añars Mañs Lande, eñ Nordsk Løg leggia þar á vissa

Sekt 6 B. 15 Cap. 18 og 19 Art. þo sieſt þar ei, hvert Biggingeñ ſialf, ſkule falla under þañ ſem Jordena á.

3) Acceſſio Fortuita, Sa Fiárauke ſem ſkedur af ofervarande Heppne, án Mañlegra Atburda. ſo ſem:

1) Fe i Jordu funded Struv Lib. 2. Tit. 1. Aph. 46. Hvad ei Landeigande fynde ſialfur, ætte hañ þad eiñ; eñ finne añ r Madur, þa á ſá Pridiung, eñ Landeigande Tvo Hlute, Þ. b. 14 Cap. ſo ſem Vidurauka Fiár ſins. Eñ hafe Fiñande grafed Jord hiñs i Oleiſe, þá fær hañ eckert i, helldur á Landeigande þad allt. ibid.

I Norea á Kongureñ pridia Part þeß Fiár ſem i Jordu fiñſt. N l. 5 B. 9 Cap. 3 Art. Eñ i Danmerk á hañ þad allt, og kallaſt þar Danafe. D. L. 5 B. 9 Cap. 3 Art.

2) Er þad og Ofervarande Fiárauke, þegar Reka ber uppa Fiorur vorar, Hvale edur Vide, þvi ſá á þad, er Fiöru eda Reka á under, og ſo er uñ añad Fe, ad fráteknum Vogrekum.

Vogrek (vel ut qvidam Vorek) er allt þad femætt, ſem af Sio rekur, og ſinelegt er ad Meñ hafe átt og medhendlad. N. b. 12 Cap. þad kallaſt Vrag N. L. 4 B. 4 Cap. 4 Art. og nær þad hefur leiged ſo Ar og Dag, ad eingeñ veit hver Eigande er ad, þa heyrer þad Kongenum til; ſiá Forord. af 20 Maii 1595. item Octroy þeß Islendſka Compagn. Art. 8.

Nema þau Vogrek af Eik, Grene og Furu, ſem uppa Kyrknaña Reka bera; þa eru þau heim

tillogd,

tilløgd, med Kongs Frid. 3. Forord. af 3 Maii 1650. r)

8. Cap.

Uñ þær seiñe Laga Adkomster og sier i lage Afhendingu.

Nu hafa uppruna Adkomsternar verid sijndar, og hvad vor Landslog uñ þær seiga; epterfylger þvi ad hugleida þær seiñe, sem vier nefnum modos adqvirendi Civiles, edur Laga Adkomster.

Eins hafa þessar Adkomster siñ Grunvøll i Nátturuñar Løgmále sem hinar fyrre, eñ af því þeirra viß Máte er fyrerskrifadur i Lansløgunum, hvadan þær taka siñ Krapt, so eru þær rett kalladar Laga Adkomster, og modi adqvirendi Derivativi, edur Seiñe Adkomster, af því med þeim ødlumst vier Herradæme Hlutaña, fyrer Epterlátseme hius fyrra Eiganda, og þar i misnuna þessar frá Uppruna Adkomstunum.

Su fyrsta af þeim, um hveria hier verdur sier i Lage talad, er Traditio edur Afhending.

Þarfyrer er Afhending leiñ Giørningur, hvar med sa sem er rettur Drotteñ, og Eigande eins Hlutar, selur þañ sama Hlut ødrum i Høud til Eignar, undañ sinum Uñrádum.

r) Smáskykke af Skipum og Bátum, samt tilhøggvenn Bord og Trie, er uppbera á Kirkna og Kongsjarda Reka, eru efterlatenn, Beneficiariis og Forpogturum. Forordn. 3 May 1650. Enn bere þvilikt uppá Bænda Eigna Fiorur, er þad Syßlumanna Eign. Resol. 26 Martii 1736.

Nu med þvi Hlutunum er ecke øllum eins hättad, so sem i þessarar Bokar 3 Cap. er utskijrt, so verdur hun þar eptir adgreind i Traditionem propriam, edur Eiginliga Afhending, og impropriam, edur Oeiginlega.

Su Eiginlega Afhending, hlijder til þeim Hlutum, sem eru hræranleger so sem allt Lausafe, og verda þar fyrer af hende sellder, og med hende medtekner.

Eñ Oeiginleg Afhending seigest uñ þá Hlute, sem ei eru hræranleger, og hina sem ecke eru þreifanleger og kuña þar fyrer med náttúrlegum Hætte ecke afhendast, helldur med ödrum jafngylldum Hætte sem Lög og Sidvenia er til, so sem voru i gamla Daga Handsøl; og med soddañ Hætte er likast ad Meñ hafe selldt af hende Godord sin, sem fornar Sögur taka til Orda.

Nu á Timum skedur øll Afhending á Løndum, so vel sem Landsnytjum og øllu sliku, med Affals edur Eignar Bresum, sem i N L 5 B. 3 Cap. 10 Art. kallast Skiøde edur Skiødebref, hver Bref underskrifud eru med Vottum ásamt Hlutadeigenda Nøfnum og Signetum, med sama hætte og seirna meir sagt verdur uñ Giafabref.

Orded Skiøde edur Scoiatio hiá Juristum, sinest taka sitt Nafn af Skaut Sinus. (dan Skiød) þar Formeñ vorer hafa plagad, ad varpa Hlutunum, eda þvi sem Hlutena skylde merkia, i Skaut þeß sem afhendt var, sem sia má Lbb. 5 Cap. Hlute skal þa i Skaut bera. item sijdar: kaste Hlut Priota omerktum i Skaut, hvad ei verdur skiled fyrer sialfa Eignena, helldur fyrer eitthvert

Merke

Merke edur Torfu, sem ur Jerduñe var skoreñ, og afhendt Eigandanum.

Eñ til þeß Afhendingeñ giøre Løglega Adkomst, og Eignar Rett þeim er vidtekur, utheimtest:

1) Ad hañ sem afhender sie rettur Eigande. Rl. 5 B. 3 Cap. 26 Art. og Kb. 13. og þá er sama hvert hañ giører þad sialfur edur hañs Fullmegtugur epter hañs Fyrirsøgn.

2) Ad hañ afhende i þeirre Meiningu, ad fá hinum Eignar Rett yfer Hlutnum: þad er, ad hañ helmile hønum hañ til Eignar. Rl. 5 B. 3 Cap. 27 Art.

Heimild kallast hiá Juristunum Justus Titulus, sem er ein viß og løgleg Adkomst, þeß sem einhver Hlutur er afhendtur, hver añadhvert geingur á undañ, eda fylger med Afhendinguñe, se þegar eg afhende ødrum Mañe einhvern Hlut, læt eg hañ vita, til hvers, eda med hverju Mote Hlutureñ skal hønum heimill vera, hvert helldur til Kaups, ad Gisf, til Leigu, ad Láne ꝛc.

Heimild er añad hvert Løgleg eda Justus Titulus, sem nu er sagt: edur Titulus putativus. þad er Higgiu Heimild, uñ hveria talar Þ. b. 4 Cap. þegar Madur ovitande teckur eiñ Hlut til Eignar, af þeim er añad hvert ecke átte Hluteñ, edur hafde ei Løgleg Heimilldarráð, og þvi fylger þad á epter: ad ef miñ Afhendingar Madur hafde ei Heimild, þa kañ hañ ei helldur ad heimila mier.

Hin þridia er Oheimild eda Malus Titulus, nær eiñ vijsvitande tekur, eiñ Hlut sier til Eignar

af Oheimilldar Mañe. sía Þ h. 4 Cap. eñ ei ellegar: item Nl. 5 B. 3 Cap. 25 Art. sem Dæme gefur þar uppa, af þeim er kauper vid ulægañ Mañ. Og med þvi so mikg rijdur á, ad vita hvad løgleg Heimilldartaka sie, þá skal nu hiernærst sijna hverier gete verid Heimilldar Meñ.

---

9. Cap.

Hverier ad Løgum meige afhenda og heimila sitt Gots, so og, fyrer hveriar Personur vier vinnum eda grædum Fe vort.

Hier skal nu eitt sin fyrer øll utskyra, hverier ecke meige ráde Fe sinu, til ad afhenda og heimila odrum þad Løglega.

Aller þeir sem eru Myndugir fyrer Alldurs edur añara Hluta Saker, meiga ráda Fe sinu, og rádstafa þvi, og afhenda þad epter Løgum. Nl. 5 B. 1 Cap. 1 Art. item Erf. 27 Cap.

Eñ Omyndugir þar þvert á mote, hafa þess ecke Rád, so sem:

1) Omagar fyrer Æsku Saker, epter þvi sem hier ad framañ i 1 B. 14 Cap. sagt er: item Kb. 24 C.

2) Fyrer Elle Saker. Lbb 2 Cap. og Erf 27 Cap.

3) Oder Meñ. Mañh. 8 Cap. og Rænuskerdter. Erf. 28 Cap. ef hañ mæler af Vite.

4) Bon-

4) Bondeñ ma ei burtfá/Eigner Konu ſiñar, nie þad þau eiga bæde til ſamañs. K. a 3 Cap.

5) Langt ſidur má Konañ eda Bern Hußbondañs, ſem eru i Felage med honum, fá Fe i burtu án Hußbondañs Samþickes. NL. 5 B. 3 C. 22 Art. K b. 24 Cap.

6) Mey edur ogipt Kona K v. g. 2 Cap.

7) Eckia ſem ſitur i oſkiptu Ster ſbue, má ei afhenda Gots i burtu. NL 5 B. 3 Cap. 12. 24 Art.

8) Utlægur eda Fridlaus Madur, má ei ſelia edur afhenda Fe. Kb. 14. og NL. 5 B. 3 C. 25 Art.

9) Peir ſem komner eru i ſtorar Gialldſaker, og Arreſterader eru, edur ſtefuder, edur allareidu dæmder til ad lijda Adfør. NL. 5 B. 3 Cap. 33 Art. uppa þad þeir med Afhendingu ſins Gots, gete ei giort Fraudem Creditorum eda Gialld Svik; hvar fyrer aller þeirra Contracter, ſem ſidar eru gierder, meiga af Skuldaheimtu Meñum avturkallaſt, edur Adfør gieraſt i þad Gots, ſem ſo er ols lega burtuſeinged, epter N. L. 1 B. 22 Cap. 28 Art. ſamañber 5 B. 13 Cap. 44 Art.

Þær Perſonur fyrer hveriar vier grædum Fe, eru Born, ſem ſiia med oß i Felagsbue, og Skylda Hiu vor, hverra Verk og Handa Afle oſs heyrer til, ſem þau viña i vorre Þionuſtu Rb. 9 Cap. Ef Gridmeñ Mañs fiña Hval á Flote. item vorer Umbods Meñ og Fullmegtuger.

---

10 Cap.

Um Giafer og Løggiafer.

Jafnvel þo það sie i náttúrlegum Friiheitum Manns, að giora af Fe sinu hvað hañ vill, so Giøf meige þar fyrer reiknast með Náttúrlegum Aðkomstum. fyrer þañ er hana þiggur; þa með því Lands Løgeñ setia viß Takmørk fyrer, hvað miked, og hvernen meñ meiga gefa; þá heimfæreſt Giøf rettelega til þeirra løglegu Aðkomsta, og heiter hun so Løggiøf, Erf. 28 Cap.

Giøf er eiñ løglegur Giørningur, hvar með eiñ af Frijvilingu Orlæte sinu, leggur af við añañ, Gots eður einhvern Fiárhlut, áñ þeß að taka Verð eður Betaling fyrer.

Hun nefneſt hiá Juriſtum Donatio, og aðgreineſt ymislega; so sem Donat. mortis cauſâ, og Donat. inter vivos.

Mortis Cauſa, er sú sem Madur gefur eptir sig daudañ, so sem voru Salugiafer i Papiſkuñe. Erf. 28 Cap.

Inter Vivos, þær Giafer, sem fullkomnaſt strax á medan Giafanden er á Liſe. ibid.

Nu á Dogum kañ þeße Aðgreining ecke vera til mikils; og því vilinm vier aðgreina þær i Vingiafer og Løggiafer.

Vingiafer eru Skeinkingar, i Gripum eður øðrum Hlutum sem meñ ſkiptaſt við, og afhenda að sier liſande. Erf. 28 Cap.

Løggiafer þegar meñ gefa viſſañ tilteken Part ur Gotse sinu, með þeim máta, sem Løgeñ fyrer-

fyrerskrifa; hvert helldur þær verda strax afhendtar, edur ej fyrr eñ epter Afgang þeß er gefur.

Máten og Adferdeñ at gefa Leggiafer skal, so sem añad Formalitet, athugast epter N L; eñ Høfudstolleñ edur Upphæd Giafareñar, skamtast epter þeim Islendsku Løgum.

Løggiafer adgreinast i Fiordungsgiøf, Tijundargiøf og Tilgiøf, um hveriar hier skal høndla sier i Lage:

1) Fiordungsgiøf er, sem Nafned syner, Fiorungur ur øllu Gotse Mañs; hana má gefa hver sem vill ur sinu Afla Fe; ef þad er meira eñ þitt, sem hañ hefur ad Erfdum tekid. E. f. 28 C.

Hier kañ ad verda spurt: Nær Forelldrar eda Langfedgar hafa gefed einu Barne sinu Leggiøf, hvert su Giøf, skule þá alijast fyrer Aflase edur Erfda Fe Barnsins, so þad kuñe aptur af því sama Fe ad gefa Fiordung? Med því þad eru so olikar Adkemster, ad taka i Arf, og þiggia ad Giøf; so skil eg ei, hvernen soddañ Gots, verdur álited fyrer Erfdagots; Eñ vilie nockur mormæla mier, af því er stendur i 1 Erf. Ad þar sem Forelldrar gefe einu Barne meira heimañ, eñ hin Børneñ gete feinged Jafnmiked, þegar Arfur tæmest; þa þliote þad Barnaña sem gefed var, ad leggia aptur til Jafnadar slikt sem yfer hefur, og því sie soddañ Giøf ad álijta sem Erfda Adkomst; þá svaraft þar til: Ad hin Fyrsta Erfd, meinar hier ecke Løggiøf Forelldra, helldur þad Fe sem Børnum er feinged til Giptingar edur añarar Meñunar. Eñ 28 Cap. seger: ad ei þurfe Samþyckes leita hia Erfingium, til ad gefa Løggiøf;

hvar

hvar af fylger, ad hun þarf ei ad leggiaſt aptur til Jafnadar, helldur behelldur Barned heñe, fyrer utañ Arfaſkipte, og af añare Adkomſt, eñ Erfda Rettinum, þar fyrer er hun og rett meten Aflafe.

Sá ſem þañen gefur Leggiof ſina, ſkal giora þad breflega, og Giafabrefed vera ſtadfeſt med hans Nafne og Signete; eiñ.ñ underſkrifad af ödrum godum Meñum. N L. 5 B. 4 Cap. 17 Art. Epter 18 Art ſkulu Vottarner vera þriir ad Tolu. Kuñe hañ ei ſialfur ad ſkrifa og hefur ei Signet, þa er hiá oß Sidvenia, at hañ Handſale ödrum at ſkrifa Nafn ſitt; hvar til og ſkulu 2 Handſals Vottar underſkrifa.

Soddañ Giafa Bref ſkulu uppleſaſt á Þingum Nl. 1 B. 3 Cap. 10 Art. allt eins og Kaupbref, á þvi Þinge, ſem Gotſed liggur under. 5 B. 3 Cap. 39 Art.

Adur eñ eitt Giafabref er þinglyſt, hefur þad eingvañ Krapt mote ödrum Adkomſtum ibid. hvar fyrer, nær Tvo Giafabref verda framlegd fyrer Rett i Málalokunum; þa gylder þad framar sem fyrr var þinglyſt, þo þad hafe ſijdar daterad verid. Añars ef Tvo Giafabref koma fyrer Rett til Uppleſturs; þá ſkal þad fyrr Uppleſaſt, sem fyrr var daterad.

2) Tijundargiøf, af Ordenu Tijund. Nockrer hafa viliad ſkilia Tjjundar Giof hér af; 1) at ſo sem Fiordung má gefa af Aflafe; ſo være þad tilhlydelegra, ad hafa Troppugáng fra 4 til 5, eñ ſtockva yfer margar Tolur fra 4. allt til 10. og ſyneſt þad ad viſu ecke oſkapfelldt.

2) Lijka

2) Líka eiñeñ færa þeir til síns Máls, þad er stendur í Erf. 1 Cap. Ad Sonarsonur meige leysa Odul þau, er Fader hañs stod til fyrer Fimtunge miña Verd.

3) Þad er Rekab: fyrerskrifar uñ Fimtungs Giof af Helgra daga Veidum. og

4) Þad er Skiptetijund gioreſt af Fiñ hundrudum.

Samt hefur Hr. Widalin Lögm strijdt á móte þessare Meiningu med Bl.ke og Peña, í því Skrife er hañ giort hefur uñ Tijund, sem hier er algeinged. Þo er til eitt Kaupmála bref dat. 1589. sem velnefnde Widalin eiginar Fiñboga Lögmañe, sem lifde á þeirre Öld, í hvers Nidurlage hañ kallar Löggiof Fimta Hlut Fiárins, sem giorer temmilega Beviising (ef Meñ hafa þad añars oafbakad) hversu almeñelegur Skilningur hafe vered á þessu í þá Daga: því blygdast munde eiñ Lögmadur hafa vid, at vikia frá vidtekeñe Ordsins Meiningu. Eñ hvad hier er nñ; þyker mier ohættara at fylgia, eigiñlegre Bokstaffins Merkingu, og skilia einfalldlega Tijundargiof fyrer 10da Hlut Fiárins, medañ hitt er ei fullbevisad, sem Lögeñ segia: Ad hver Madur mege gefa af sínu Erfdafe. Erf. 28 Cap. og er hid sama um Adferd þessarar Giafar, ad öllu Leite, sem adur er sagt uñ hina.

3) Tilgiof, hiá Juristum Donatio propter Nuptias, Hun er su Gáfa, med hverre Egta Madureñ á Brudkaupsdege, kauper allañ Avext af Dote edur Heimanmunde Konuñar, þad er, því Fe, sem hun med sier færer iñ í Bued; so same

Avextir

Avextur skule þar epter verda Mañsins Eign. Sia Widalins Gagngiallð og Giøf.

Þesse Tilgiøf hefur vered almeñ i forna Daga, og eñ þá brukanleg hiá riku Fólke hier i Lande, eñ ecke añarstadar hiá Borgara edur Bondastande i þessum Rijkium. Þvi Festar Gáfa sem nefnd er NL. 5 B. 2 Cap. 25 Art. er ecke añað eñ Morgungáfa; hverrar geted verdur i 5 B. 4 Cap. 1 Art.

Hvad nu Tilgiøfena áhrærer; þá er sama uñ hana athugande, sem ádur uñ Fiordungs Giøf; þvi eingiñ ma gefa i hana, meira eñ Fiordung ur Fe sinu, og alldrei meir eñ 60 Hundr. hversu rijkur sem Madur ñ være. Kv. g. 1 Cap. Og þegar Tilgiøf er teken af Erfdafe, synest hun Strictô jure, ei meiga stijga yfer Tijund: Erf. 28. Þo slikt sie nu ecke sett á sig, þar Maduriñ uppber i stadeñ Avext af Fe Konuñar.

Hvert Hionaña sem añað yferlifer, beheldur Tilgiøfiñe; hvar af siá má, ad Konañ fær ei fullan Eignárrett, edur Jus in re, fyrr eñ epter Dauda Hußbondans Kv. g. 3 Cap. Eñ ef þau skilia fyrer adrar Orsaker af Konuñar Hende, so sem Hoordom Kv. g. 5 Cap. (og sama Mál mun vera uñ Desertionem,) þá beheldur Madureñ Tilgiøfeñe. Hvad ef þau skilia fyrer Hoordom af Mañsins Hende; og þa munu flester dæma Konuñe Tilgiøfena, þar hun skilur ei vid Bondañ saklaust, eñ meira mætte hier uñ disputera, sem miñ Asetningur i þessu Verke leifer eigi.

Adur eñ eg skilst vid þetta Efne, vil eg athuga tvo Spursmál, sem ecke eru svo hiegomleg:

1) Hvert

1) Hvert Madur kañ ad apturkalla þa Gioſ, ſem hañ hefur einuſinne gefed løgformlega? Hier er fyrſt greinande, at nockrar eru Donationes Simplices, eda Einfalldar Giafer, under hverium eckert er faled.

Þeſſar, nær þær eru ad Løgum þinglyſtar, meiga ei apturkallaſt NL. 5 B. 1 Cap. 1. 2 Art.

Adrar ſem kallaſt Donat. ſub modo v. Conditione, þad eru Skilmála Giafer, hverriar í ſialfum ſier, eru ſkylldare vid Samning og Contract, ſo ſem er Proventa Lbb. 12 Cap. og NL. 5 B. 1 Cap. 11 Art. meiga, ad rofnum Skilmálaunum, á þá adra Siduna, apturkallaſt.

2) Hvert ſá er gefur Løggioſ, ſkal vera ſkylldugur ad ſvara til Laga Riptinga, ef Gioſeñ aptur geingur?

Hvad Tilgioſ áhrærer, og adrar Skilmála Giafer, ſem einhver Laun edur Hluñiñde koma í mote; er eingiñ Efi á, ad Gefanden ſkal ſtanda í Andſvørum, ef Giafafed verdur brygdad, ſo ſem Løg og Sañſyne bioda í øllum Contract.

Eñ uñ einfalldar Giafer er añad ad tala; þvi ſo ſem þær í fyrſtu verda gefnar fyrer utan alla Skyldu og Skilmála; ſo er ei meire Skylda til at gefa adra Nija Gioſ, ef ſu fyrre verdur med Løgum riptud. Struv. Lib. 3. Tit. 20. Aph. 13. Schaumb. ibid. Aph. 12; og þar ſem ein Gioſ, verdur apturkollud fyrer þa Sok, at hun var gefeñ yfer Løg fraiñ; þa verdur terſokt ad ſvara til Lagariptinga, fyrer þañ, ſem ecke matte gefa í fyrſtu.

11. Cap.

Um Efda Rett og fleira þar tilheyrande.

Jus hæreditarium edur Erfda Rettnreñ er eiñ Løglegur Myndugleike, til at taka ad sier til Eignar, þá Hlute, sem eiñ framliden Madur lætur epter sig, med øllum sømu Eignarrádum og hañ hafde.

Þeñan Rett øðlast Meñ, añad hvert af Testamente, eda fyrer sialfra Lagaña Rádstøfun, sem kallast Successio ab intestato.

Testament er su sijdasta Rádstøfun, sem eiñ giører fyrer sinum Efnum, hvad brukanlegt vered hefur hier á Laude, so sem vidar añarstadar i Fyrndiñi.

Eñ nu á Døgum vita Men varla nema af Nafnenn, þar Testamentis-giørder eru ei hellur fyrerskrifadar, adrar eñ Løggjafer i vorum Løgum; so þar sem nockur vill giøra øðruvijs Testament, þarf þad, ef ad nockru gylda skal, med Kongl. Stadfestingar Brefe ad legitimerast. D. Chr. Scheid. de diff. Jur. publ. & priv.

Þar fyrer skal hier alleina tala uñ Successionem ab Intestato, edur **Løgerfder**, og hvad fleira er þar vid er ad athuga.

Successio edur **Erfdataka**, er eñur **Reglu-leg**: þegar Arfur geingur reglulega under þá, sem til hans eru borner, hvar uñ hier skal nu fyrst hændla; eñur anomala, edur **Ovenjuleg**: sem vikur fra rettu Edle Erfdana, uñ hvøria sijdar verdur talad.

12 Cap.

Uñ Legerfingia, þeirra Mismun og Afsigkomulag.

Erfingiar eru:

1. Añadhvert Alner edur Oborner; þeir Obornu ganga til jafns Rettar med hinum, so framt þeir verda sidan fædder og hliota Skijrn. sia hier ad framan. 1 B. 4 Cap. Þo er þetta allt athugaverdt epter ymsum Kringumstædum.

2. Adgreinast þeir i Karlmen og Kven-Personur; þvi Karlmeñ taka tvefalldan Hlut á mote Konum i øllum Høfda Erfdum. En i Ættkvisl-aña Erfdeñe geingur edruvijs til; þvi þar taka þær Arfaretten, af þeirre Personu, er þeim Arfen helgar; og sie þad Karlmadur, þá taka Þær og fullan Karlmans Hlut, so sem Sonardotter. 2 Erf.

Eñ med þvi Meñ kuña ei ad vita uñ Fostred i Modurlijfe, hvert þad er Sveirn edur Meybarn, fyrr eñ i Los kemur, so Arfenum verdur ei ad fullu skipt, nær fleire Børn eru til; þá leysa Løgeñ, at Konan sem játar sig þungada, megi sitia i Buenu, þar til hun fæder. Nl. 5 B. 2 Cap. 12 Art. edur þad prosast af Barnburdar Tijmanum, hvert Fostred verdur arfgeingt. Siá þar uñ 1 B. 4 Cap. hier ad framan.

3. Eru nockrer Arfgeinger, eñ adrer Darfgeinger, og overduger, til ad taka Arf; hver Overdugleike, kemur añadhvert af Forelldraña, edur þeirra eigen Skuld.

Fyrer Forelldraña Skuld eru Oarfgeinger.

1) Horgeteñ Børn. Nl. 5 B. 2 Cap. 72 Art: item 6 Erf. og so sem þau erfa hverke Forelldra nie Frændur, so erfa Forelldrarner þau ei helldur. ibid.

2) Sama er uñ þá. sem getner eru i Blodskøñ, Frændsemis edur Mægda Spiollum. ibid.

3) Fridluborner eru ecke ad søñu Oarfgeinger; þo koma þeir seint til Arfs. Erf. Num 6. og er þad sierlegt, ad Fridlu Barnabørn, Skilgeteñ, erfa fyrr eñ sialf Fridlubørneñ. Erf. Num. 2. 3.

4) Børn þau sem Fridlaus Madur getur vid Konu siñe, medan hañ er i Utlegdar Sekt, ganga ei til Arfs, nema hañ náe aptur Landsvist. R. B. E. K.

Fyrer siña eigiñ Skuld eru þesser Oarfgeinger:

1) Sá sem drepur añan sier til Arfs (ɔ: hañ sem hañ stendur til at erfa; edur, máske, añañ sem nær hønum er boreñ til Arfs) edur rædur Banarad, og soddañ Dráp skedur hverke af Voda nie Naudveriu. Erf. 16 Cap. og Nl. 5 B. 2 Cap. 75 Art. þad eru vel eingeñ Undur þo hañ misse Arfsins, þar hañ hlijtur og at missa þat sem mieta er verdt; Eñ epter N l. missa og hañs Erfgiar sama Arf edur Arfsvon.

2) Þau Børn, & per Conseqvens, Barnabørn, sem eru ohlijden sijnum Forelldrum Nl. 6 B. 5 C. 1 Art.

3) Þeir sem vijkia frá þeim rettu vidteknu Truarbrøgdum. Nl. 6 B. 1 Cap. 1 Art.

4) Dotter

4) Dotter su sem kreinkt er i Fodurgarde, edur Brodur. Erf. 1. og Nl. 6 B. 13 Cap. 10 Art. nema þeir vilie giora heñe betur til ibid.

5) Kona su er giptest mote Rádum sins Giptinga mañs. Kv. g. 1 og Nl. 3 B. 18 Cap. 2 Art. þo misser hun ei adra Arfa eñ Giptinga Mañsins.

6) Þau Børn, sem ei vilia aptur leggia til Jafnadar, þegar Arfaskipte halldast, þá Hlute, sem þau høfdu ádur af Forelldrunum medteked, ganga ei framar til þess Arfs. Nl. 5 B. 2 Cap. 61 Art.

7) Ef Hion adskilia syrer Hordoms Skuld, sem Børn áttu saman, og Barn þeirra deyr sidañ; þa erfer ei su Personañ Barned, sem brotleg vard. Nl. 5 B. 2 Cap. 58 Art. R. B. H. K. seger, ef Barned hafe erst þad Forelldrāña sem Saklaust var; þa erfe ecke su brotlega Personañ Barned, ad þeim Hluta. Vilie nockur spyria, hversu fara mune ef hveretvegge Foreldrāña hafe horast? þa meina eg, at eptir þvi þau máttu ey adskilia. Nl. 3 B. 18 Cap. 15 Art. so mune þau erfa Barned rett ad Løgum.

4. Adgreinast Erfingiar i vissar Linur, sem eru:

1) Linea descendens, Nidurstijnge Lina.
2) Ascendens, Uppstigande, og
3) Collateralis Sijdulina.

Su Nidurstigande iñebindur i sier alla Lijfs Erfingia, Børn og Barnabørn, sem kallast meiga Framarfar, eptir Nl. 5 B. 2 Cap. 28 Art. Semuleides Ettleidingar og þeirra Børn. Erf. Num. 2 Medañ nockrer eru til af þessum Erfin-

gium, so útelykia þeir fra Arfe; þa Uppstigande Linu; i hverre reiknast Forelldrar og Forfedur Afar og Ömur. sømuleides: Sidulijnuna, i hverre reiknast, aller Frændur, hver þeir eru Uppfra Mañe, so sem Fodurbrædur; Edur nidur frá, so sem Brædra Syner, og þesser kallast Utarfar Kg. 4 Cap.

Sijdulinañ adgreineſt i Æqvalem, þad er Oſkacka; og Inæqvalem edur Skacka Linu.

Oſkøck Lina er su, hvar Liderner eru jafner á bádar Sijdur, so sem 2 Brædur, Brædrungar, Primeñingar, ꝛc.

Skøck Lijna þar þvert i mote: þar sem Liderner standa ecke rett af sier; so sem mille Fodurbrodur, og Brodursonar; item þeim sem eru Ödrum og Þridia; og so framűegis.

Gradus edur Lidur, kallast þad Millebil, sem er á mille hverrar Personu i eiñe Linu, so sem i þeirre Nidurstijgande eru Børn 1 Lidur; Barna Børn, 2. Lidur; Barna Barna Børn, 3. Lidur. I Uppstigande Linu: Forelldrar, 1. Lidur; Afar 2. Lidur; og Láugafar, 3. Lidur.

Eñ i Sijdulijnuñe telium vier Lidena epter þeim Canoniſku Løgum, og reiknast þær Personur, sem stijga jafnlangt nidur frá Ættstofnenum á bádar sijdur, ad vera i sama Lid, sem Brædur, Brædrungar, Primeñingar ꝛc. slá þar uñ, Reſer. 17 Febr. 1769. s)

Hier

s) Enn þar Erfder gánga nu efter N. L. sem fyrr er sagt, er þar um frekar greinande:

1) Nær

Hier af kañ Lesareñ ad imynda sier, hverier at sieu i Misjøfnum Lidum, so sem Ödrum og

1) Nær annad Hióna frafellur og efterlætur samegenleg Børn, þá efter ad Vitaskulder eru af Buenu tekuar; skiftest þad til Helminga, millum þeß efterlifanda, og samegenlegra Barna. Samt erfer hid efterlifanda, af Barnanna Helming, auk sins egenn, Brodurlod, sem asturskilast Børnunum, ef þad ad nyu giftest. Enn hafe hid efterlifande innfært i Bued, Høfudbol nockurt, er því tillated, þad frá Børnunum ad innleisa. N. L. 5—2—19. Art. Og hafe Hustruen uppbored Festargiof, má hun behalda þeirre sømu; mót því ad afsala sier, því umgetna Brodurlode. 25 Art.

So sem annur Vitaskuld, utlegst hinn efterlifande jafnann, hvad þad uppa Jardarfor þeß framlidna kostad hefur.

2) Deye annad Hióna, án þeß ad efterskilia samegennleg Børn; er því efterlifande i Siálfsvalde, ad skifta Buenu til jafnra Helminga, mille sin og hins Erfingia; enn þokkest því þad ei, svare þad þremur fiordu Þortum, þeß Fiár, er hinn vid skilde Ecktamake i Bued infærde, hvers Upphæd so bevisud verde, er tilskiled, ad þar um framvisest breflegt Skirteine; og sama kallast i Logum Inventarium, sem er greineleg Uppteiknan, alls þeß Fiár, sem hvert Hiónanna fyrer sig i Bued innfærde, hid sama skal af þeim bádum i þeirra Velmakt, asamt 2 þeirra nærstu Frændum, underskrifast og forsiglast, so og infærest þari, hvad hvert Hiónanna, ad Erfdum edur Giof, oblast hefur, sidann þau samannkomu.

Sie Høfudból i Sterbusens Fasteign, enn þó ei Odal Erfingia hins dauda, má hid efterlifande

Pridia, Pridia og Fierda: og er þesse Lijking dreigen af eine Eik; hvar Faderen er Ættstofn; en Nidiarner, Kvisterner þar af.

Þar

de, ef gyrnest, þad til sin innleisa fyrer saunsyneleat Verd.

3) Audest einnig hid efterlifande, adur Skifte eru á Enda kliad, þá skiftest allt Bued, til jafnra Helminga; mille Erfingia beggia þeirra, so framt ei med adur sogdum Hætte, bevisad verdur, hvad hver i Bued innfærde.

Sieu Hión med Dóma adskilenn fyrer adra Sok enn Hordóm, og Barn þeirra audest, tekur Moder jafnann Arf vid Fodur, edur Son, edur Stiupson, efter hid sama i Skiftunum; enn sieu þau fyrer Horsok adskilenn, erfer hid Saklausa alleina; samt meinast Systkin ei þar med utelukt. 52 Art.

So sem adur er sagt, utelikur hin nidurstigande Linann þá uppstigande, eins i hinum norsku Erfdum. Þvi eru Born og Barnaborn, samt þeirra Afkomendur ofann efter, so lángt sem uppheinkiast kann i hinne fyrstu Erfd. Hvar vid merkiande er: ad Born erfa ad Hofdatale, ef oll eru i 1sta Lid, enn Barnaborn eru jafnann i Ættkvisla Erfd, hvert heldur þau erfa i jofnum Lid med fleire Barnabornum, edur med þeirra Fodur edur Modurbrædrum. 35 Art. Sie eingen i nidurstigande Ljnu á Life, er Fader aleinn Erfinge þess Framlidna, i þeirre annare Erfd. Enn sie hann einnig frafallenn, geingur Moder med Al- og Halfsystkinum hins frammlidna, til Arfs ad Hofdatale, þó taka þau sidare, ei meirenn Helft, mót þeim fyrre, og kallast þad hin þredia Erfd. Sie Karl i Tolu Samarfa; tekur Móder Brodurlut, enn annars ecke. 36 Art.

Sie

Par fyrer, nær Men vilia telia eiñ til Arfs, þa er fyrſt ſied epter, i hverre Linn hañ er, frá

G 5 þeim,

Sie nockurt Syſtkina fráfalled, enn hafe eftirſkiled Born, þá taka þau efter ættqviſla Erfd, Arf med ſinna Foreldra Syſtkinum, ſo ſem og, ef hverke Moder nie Syſtkin eru á Life; gánga þeirra Born til Arfs ad Høfdatale. 38 Art.

3) Søken sialf, uppá hveria stefnt er, utpryckelega tilgreind, og hvar til eiñ stefneſt, hvert helldur at heyra Vitne, svara til Sakar, eda lida Dom: og so hñ stefnde kuñe; þvi sidur at afsaka sig, at hañ sie ei stefndur, uppa hañ eda hañ Vóst, þá er forsiatugra at leggia til þeßa Klausu: og sierhvad añad er þeßari Søk eginlega vidkemur.

4) Domareñ fyrer hvers Rett Søken iá ad koma; þo er ei Þorf ad nafngreina hañ, nær þad er sá veniulege Domare Stadarins, sem aller vidkannaſt.

5) Þinged eda Stadureñ, hvar Rettureñ verdur halldenn Rl. 1 B. 4 Cap. 5 Art, sem vera skal Varnarþing þeß stefnda edur Varnarþing Sakariñar, epter þvi sem i nærſt fyrerfarande Cap. sagt er.

Vite Meñ ei hvar hañs Varnarþing er, þá skylldaſt hañ til at gefa þad til Vitnudar, Stefnuvottunum, eda Domaranum hañ fyrſta Þingdag;

heldur Søkenn til Dóms upptekenn. Enn Dilatoriæ jafnann, so leinge Søkenn er uppſett til annars Þings.

ella verdur Máled fyrerteked, á þvi sama Pinge, sem til var stefnt. Nl. 1 B. 2 Cap. 24 Art.

6) Tiden eda Dagureñ, uppa hvern stefna skal, sem kallast Þingdagur eda Tektadagur, Nl. 1 B. 3 Cap. 4 Art.

Þad eru alleina Odals Saker, sem hafa viſsañ Þingdag, Þridiudagiñ nærstañ epter Páska; eñ odrum Herads Þingum er eingeñ viß Dagur settur; þvi Syßlumeñ ráda stalfer sinum Skatta þingum. Til þeirra Þinga meiga Meñ og vel stefna, þo meñ vite ei Dagen fyrer framañ, med þ ßu Forme: Jeg stefne þier á hañ Dag sem fidvanalegt Mañtalsþing halded verdur á þeßu Are: þegar þad skedur ad eins so laungum Tima fyrerframañ, sem Stefnu-Frestureñ uskrefur.

Eñ þegar Saker tilfalla á odrum Tidum Ars ins, sem ei meiga bida Mañtals þingaña; þá halda Domararner þar um sierdeiles Rettarþing, epter beidne Saksoknarañs; og verdur þá Spursmál, hver ráda skule Degenum, Domareñ, edur Sækianden?

Ad visu er þad gemul Laga Regla: at sá skule Þinge ráda, er Þings þykest þurfa. Ffb. 9 Cap. eñ eg helld billegt, ad Sækianden leite Dómarans Samþyckes, um Þingdageñ, ádur hañ stefner, ef þvi verdur vidkomed. Eñ þar sem Sakariñar Asigkomulag, þoler ei Upphald, so sem til kañ ad bera i Fiortan stefnu Málum, og þeß slags, þar hlytur Saksoknareñ at ráda Stefnu frestenum, og Dómareñ, at retta sin Leleghett þar eptir.

Siefna

Stefna má ei skie til þeirra Daga, sem sialfs Lögeñ hafa skiled undan Lagasoknum, so sem eru:

1) Aller Løghelger Dagar.

2) Fra Thomas Dege fyrer Jol, sem er sá 21 Dec. iñtil á Knutz Dag epter Prettanda.

3) Dymbilvikan, sem er su seinarsta Vika i Fostuñe.

4) Prir Dagar nærster fyrer Hvijtasuñu Hátijd. Eñ falle nockur Pingdagur iñ á einhvern þeßara, (so sem opt skedur, ad þañ 8 Julii ber á Suñudag) þar er nærste syku Dagur, sialfsteken fyrer Pyngdag. Nl. 1 B. 3 Cap. 4 Art.

Spursmál: hvert Stefnu meige auglysa á helgum Dogum? Etatsrád Hoyers Coll. Cap. 11. helldur þad meige skie i Naudsyn. Løgeñ synast ei helldur vera þar i móte, epter þvi meñ meiga bæde Løgfesta Lib. 17 Cap. upphioda Odal Nl. 5 B. 3 Cap. 1 Art. gánga fra Arfe og Giallde, á helgum Dogum vid Kyrkiu, samanber Nl. 2 B. 4 Cap. 18 Art.

Hitt er ecke Spursmála verdt, hvert Helga Daga mege telia i Stefnufreste? þo voru fordum Løgmeñ vorer so religieuxe, ad þeir villdu þa undanskilia, og flester Løgrettumeñ. Siá Logþingsbok Anno 1681. No. 3.

Sá sem Máled byriar, þarf vel ad vita hverium hañ skal stefna d: þeim sem fyrer Sokeñe er, og odrum vidkomande i Málenu Nl. 1 B. 4 Cap. 2 Art. Þeim má ollum stefna med einu Fyrerkalle. Hafe hañ ei stefnt ollum Vidkomendum i fyrstu; þá verdur hofudstefnan ei þar fyrer onyt; helldur fær hañ Sokena uppsetta hiá Drmaranum

og giorer so nytt Fyrerkall til þeirra Osteſndu, sem Continuations-Stefna.

II. Nu epterfylger ad tala um Auglysingu-Stefnunar; hvar vid fyrst er adgiætande, Stefnufresturen, sem gefen er; uppa þad hin stefnde hafe Tijd til ad underbua sitt Forsvar, og koma fyrer sig Gegnum. Þesse Frestur er almenelega 14 Dagar, fyrer þann sem er innan Herads edur Syßlu; og Manadar frestur ef hann er utan, en tveggia Manada ef hann er utan Logdæmis. Nl. 1 B. 4 Cap 8 Art. Annars verdur þesse Frestur opt leingre, og skadar þad ecke o).

Sá sem Utanlands er, skal stefnast innan Arsins Utgangs. Nl. 1 B. 4 Cap. 12 Art, sem er 12 Manada Stefna eptir R. B. H. K. Þsb. 9 C. hvadan þesse Artiecle er utdregen. Hin 10 Art. synest vera þar á mote, sem fyrerskrifar 6 Vikna frest, þeim sem utanrijkis er: en þa má soleides forlijka: ad hin 12te, meinar þann sem eitt hvert Boepæl edur Heimile á i Rijkenu, og er ad skilum burtreistur, þott Mann viti þar ei hvar hann er; hvad aldeiles samsteinmer vid Nl. 5 B. 2 Cap. 68 Art.

o) Nl. 1, 4, 7 og 8 Art. eru klárer nóg þar i, ad 14 Dagar, sie Stefnufrestur þess, sem bir innan Pinglags, enn þar ein Syßla, sem inneheldur fleire Pingsokner, ei kann skiliast fyrer Pinglag, vil Spursmál verda, hvert utann Pinglags-menne, þott annars sie ad Vistum; einhverstadar i Syßlunne, skylde nægiast same Frestur? Hvarum eg higg ófad, ad hinum sama tilkome Manadar Frestur, so framt hann þad uppastande, eins og hann være utann Syßlu.

68 Art. um þañ Samarfa sem er utanlands, og stefndur er til Eignarskipta. Þar af sluttar Hyyers Colleg. Pag. 133. ad hier sieu meintar Eigindoms saker. Eñ i þeim 10. sie hændlad um Rømningsmeñ, sem eckert Heimile hafa, og ei vilia láta sig finna; og því er hier so sluttur Frestur, at Meñ vænta ei hañ koma munu, at standa fyrer Måle sinu, þott leingra Varsel hafe p).

Stefnu-Termin i sierdeiles Søkum.

p). Nær hinn forlatne Egtamake, logsæker hinn burtstrokna til Skilnadardoms, og hans Heimile er oviss, skal honum stefna ad hans sidarsta Vistarstad, med 6 Vikna Freste, og eins til Logþinges, enn mæte hann ei þar efter, gefst honum ad nyu Logdagur. Forordn. 29 May 1750.

Sá eine Ars Stefnufrestur sem Logenn fyrerskrifa þeim, sem er utannrikis, skal nu ecke hafa stad, fyrer adra Kongsens Undersáta, enn þá sem bua utann fyrer Evropa, edur eru i Færeyum Iß- og Grønlande. Heraf filger, ad stefnest sá i Norveg byr, til nockurs Rettar i Danmørk ad undanteknum Hærstarette (vid hvern Laganna Stefnufrestur enn nu stendur óraskadur) gefst honum 8 Vikna Frestur ef hann byr sunn annsialls. 10 Vikna Nordansialls, enn 3 Mánade þeim sem byr i Nordlondum og Finnmørk.

Þeim sem stefnast til Vitnesburdar i Misgiørningasokum, gefst Næturstefnu frestur, án Logdags Leggingar, enn bue þeir yfer 2 Milur frá Þingstadnum, þá Dags og Nætur, sem med sogdu mote eykst, vid hveriar 2 Milur, þeirra Bustadur er fiærlægur því astofnada Þinge, hver Regla og so gylder, vid Innvortslun hins Seka og hans Talsmans. Forordn. 3 Junii 1796.

1) I Odals Søkum skal stefna sueina Vetrarins, fyrer Jol á Pridiudagen nærstan eptir Páska. Nl. 5 B. 3 Cap. 10 Art.

2) I Landamerkia og Landsnytia þrætum og þeim er ahræra Averka á Lande añars, er Stefnufrestureñ 5 Nætur, það er Fimtarstefna. Nl. 1 B. 4 Cap. 7 Art. og Llb. 26 Cap.

3) Til Gestarettarins er stefnt med Aptans Varsel, sem er þvilikt og Stundarstefna Pfb. 6 Cap. Aptans Varsel kallast þar fyrer ad stefnan er byrt Degenum fyrer Pingdageñ; og skal so øll Søken vera utkliád, iñan þriggia Solarhringa; soddañ Aptans Varsel má og brukast i þeim Søkum, sem tilfalla mille Compagniets Folks, sem hingad reiser til Høndlunar, og á mille Jñbyggiarana hier i Lande, eptir Kongl. Resol. af 2 Junii 1747.

Somuleids i Delinqvents-Søkum, einkum þeim er befordrast eiga til extra Løgþingana, eptir Kongl. Resc. af 3 April 1754.

Allar Stefnur eiga ordinaire ad auglysast á Heimile þess Stefnda. Nl. 1 B. 4 Cap. 2 Art. eñ hafe hañ eckert Heimile, og sie ecke ad fiña i Rikenu; þa auglyseſt hun, þar sem hañ hafde sidarst sitt Adsetur. 10 og 12 Art.

I Eigendoms Søkum synest þad alltid nog, at stefna Umbodsmañenum, ef Eigandeñ er utanlands; eptir þvi hañ er skylldugur, añadhvert ad veria Eignena med Løgum, eda gefa þad sialfum Landsdrottne til Vitnndar. Þad er og rett at byrta Fyrerkálled Talsmañe hins

Stefn

Stefnda, ef hañ hefur nockurn. Nl. 1 B. 4 C. 20 Art. q).

Fyrer obetgiada Landskuld og Leigu, er rett ad stefna einum a peirre Jordu, er Skulden fell til; þo hin Skylduge hafe sidan teked añan Bustad. ibid. Art. 18. þar af sylger og, at honum skal stefna á þad Varnarþing, sem Jorden liggur under, samañb. 1 B. 2 Cap. 16 Art.

So skal og Erfingum eins dauds mañs birta Stefnu i Sterfbuenu; nær peir eiga ad svara nockrum Rettindum af Arfenum. 19 Art. þo peir sieu þar ei til Stadar.

Añars plaga Menn ad birta einum Stefnu hvar sem hañ er staddur, nær hañ sialfur vill uppa hana skrifa; so sem nu tijdast tilgeingur motmælalaust.

Stefnuñar Auglysing skal ske ad biortum Dege fyrer Solarlag. Nl. 1 B. 4 Cap. 2 Art. Sol skal ráda um Sumar, en Dagur um Vetur. Ffb. 7 og 10 Cap. med tveim Stefnuvottum, er kallast Varselsmen. Nl. 6 B. 9 C. 20 Art. peir eru under Pinggridum i peim Erendum r).

q) Hafe sá Jardeigande sem utanlands er, ei Umbodsmann, er rett ad stefna Leigulidanum, Sømuleides reiset Sok utaf Eyendom, i enn nu osskiftu Sterbue, þá á þeim ad stefna, sem hinn sama hefur i Brukun Nl. 1, 4, 13, 14 Art.

r) Efter Stiftamtmans Resolution skulu 2 Reppstiórar i hverre Pingsokn nu vera Stefnuvottar, og i privat Sokum þarsyrer hafa 18 Sk. hver af

Kuñe Stefnandeñ sialfur ei fá Varfelsmeñ, þá skal Syßlumadureñ, tilsetia henum þa, uppa Rettarins vegna, eptir Amtm. Ordre. Logþingsbok 1743.

Fyrerkalled auglyfest under Heyrn þeß er stefnest; edur Heimlis-folksins, sem og skal Utskript þaraf gefast. Vilie hañ ei sialfur uppa Stefnuna skrifa, þa skulu Varfelsmeñerne skrifa, hvar, hvad nær, og hverium hun var auglyst. Nl. 1 B. 4 Cap. 4 Art. Eñ sie fá stefnde til Stadar; og vilk ei lata sig finna; þa skulu þeir þrisvar upphropa hañ, adur Stefnuan er lesen 31 Art.

Þad er þa og Plagsidur, at gefa Utskript af Stefnuñe þvi Folke, sem á Heimilenu er, edur Nágreñum, (ef eingeñ er heima); hvad allt uppa sialfa Stefnuna skal skrifast, ásamt Nafnum og Heimilum Varfelsmañaña.

Muñleg Stefna, hveria eg hefe ádur nefut, bestendur einasta i Auglysinguñe, sem skedur á sama Hatt, og um hina fyrre es sagt: añad hvert birter hana sialfur Sækiandeñ; edur leggur hana i Muñ Varfelsmoñunum, og þa framfæra þeir hana á þeñañ Hatt: N. N. lætur hier med stefna

af þeim stefnande, Þau Stefnuvitne, sem ordeydelega hondla med Stefnunnar Auglysingu, straffast sem Falsvitne. Nl. 1, 4, 6 Art. Þegar einum Omyndugum er stefnt i nockurre Civilsok má hans Formyndare einnig stefnast med, hvad einnig gylder um Stadar og Hospitalshaldara, ef Sok er reist umm, edur mote þvi Gótse, sem þeir under Hendum hafa.

stefna hier N. N. til ad mæta á N. og heyra par Vitne, stauda til Andsvara, lijda Dóm i peirre Søk, og so framűegis.

Soddan Stefna heiter eigenlega Kald og Varsel, sem vier uefnum Fyrerkall, hun pirnar ei vel, par sem lángur Stefnufrestur skal gefast; pvi Varselsmañenner kuña imidlertid ad deya og pa má Fyrerkallad verda onyt.

Adureñ Stefnugiør kemur fyrer Rett, kañ pad henda sig, ad añarhver Málspártañ deye ut fra Sokeñe. Cf. pad er Sækiandeñ; pá taka hans Erfingiar aptur vid Malinu, og framűfylgia peirre sømu Stefnu; so ecke parf adra nya. Nl. 1 B. 22 Cap. 39 Art. Eñ ef sá stefnde deyr; pa verdur hier vid meire Athuge; pvi meñ. hafa ei so utpryckelega Laga Reglu par fyrer, hvert Erfingiar eins afdauds manns sieu skyldugir ad svara til peirrar Stefnu, sem honum var giord: eñ má per bonam Consequentiam helldur draga pad af odrum Lagagreinum, so sem Erfingium p. ß, sem utanlands er. Nl. 1 B. 4 Cap. 12 Art. og Erfingium eins afdauds Dómara. 1 B. 5 Cap. 4 Art. pvi so er hia oß vidteked nær eiñ Dómare deyr, sem stefndur er.

3) Pad sidarsta um Stefnu, er: hversu hun skal afheimilast.

Sie pad skrifud Stefna; pa er ei vidara vid at giora, eñ hun af Stefnandanum, edur hans Talsmañe verdur framűlogd fyrer Retten, og par uppleſen, samt uppaskrifud. Nl. 1 B. 4 Cap. 4 Art. og heiter petta ad giora Stefnuna anhængiga, edur áhangande, vid Retteñ.

Eñ

Eñ hafe munlega stefnt verед, þá skulu Varselsmeñerner á Þingenu framkoma, og þar auglysa fyrer Rettenum: 1) Med hverium Ordum og Atridum fyrer kalled var. 2) Hverium það þar auglyst. 3) A hverium Stad og Tijma. Allt þetta skulu þier sveria med upprettum Fingrum; og kallast þetta at asheimila Stefnuna; hver Talshattur einiñ brukast alment um allar Stefnur. Forordn. af 3 Martii 1741.

Alt það sem hier ad framan er skrifad um Stefnu, má og skiliast um Contrastefnu; hvar med Veriandeñ stefner Sækiandanum fyrer sania Rett, i somu Sok, sem hiñ adur stefnde honum: nema Spursmál kañ ad verda um stefnufresteñ: hvert þier þurfe ad gefa hañ so langañ sem annars? Hvad ei synest naudsynlegt; og ad Sækiandeñ mege so vel vera vidbueñ ad svara, sem sækia i Sokeñe. I donskum Proceß er það og vel brukanlegt, at birta ecke Contrastefnuna fyrr eñ hun er framlogd fyrer Retteñ.

An soddan Contrastefnu kañ Veriandeñ ecke ad hafa nockra Akiæru i frame, mote sinum Vidurparte; utan alleina kañ hañ ad beidast Bota og Kostnadarbetalings, fyrer ólogmæta Málsyfing; og þar uppa byriar Domaranum ad keña, epter Nl. 1 B. 4 Cap. 34 Art. og 6 Cap. 11 og 19 Art. Saksoknaren kañ og vel ecke, med rettu, at teliast undan soddan Astædu og Dome ad lyda; þar hañ matte vera vid sliku bueñ fyrer framm, og vita hverju hañ skyllde þar uppa svara.

Þetta er það helldsta, sem eg hefe funded naudsynlegt, ad tala um Herads Stefnur: Eñ

um

um Siefnur til hærra Retta, so og eiñeñ Vitnastefnur, skal á sinum Stodum hendlad verda, nefnelega 12 og 15 Cap. hier á eptir s).

9 Cap.

Um Fraveru, Forføll, Uppsetningar og Løgdag.

Þegar, ein Sok skal koma fyrer Rett, þa ber þad opt vid, ad Domareñ edur Málspartarner mæta ecke, soddan Frávera, sem i Løgunum kallast Udeblivelse, orsakast añadhvert af Forsomun og Motproa, edur af Forføllum.

Forføll edur Impedimenta, eru løglegar Hindranir frá því ad komast á Þinged; þau uppreikuast. Nl. 1 B. 10 Cap.

1) Ef Madur er Siukur eda Sár.

3) Ad

s) Hvad her ad framann er sagt, er nu þannig umbreitt vid Forordn. af 3 Junii 1796: 1) Ad munnlegar Stefnur gylda nu einungis á Landsbygdenne vid Underrettena i Noreg (og þeßvegna einnig i Islande), enn ei i Kaupstodunum. 2) Vißer og Eydsvarner Stefnuvottar, skulu her efter i hverre Sokn tilsetiast, hverier þeßvegna ei þurfa, nær hinn Stefnde ei mæter, ad afheimila Varseled, sem ádur var tydkannlegt, heldur næger þeirra Uppateiknan á Fyrerkalled, ad þad byrt sie, med Kallsmannanna Hendum og Signetum. Somuleides byriar þeim skriflegt Atteſt ad utgefa, um munnlegra Fyrerkalla Byrtingu.

2) Ad vera stefndur fyrer Edre Rett under eins; því þá skal meir meta þañ Edre Retteñ.

3) Ad vera i Kongsins Erendum; hvar med eg vil og skilia øll óumflianleg Embættis Verk i Kongsins Pienustu.

4) Ef mañe er settur Løgdagur fyrer ødrum Rette, til ad veria Jord sina; og þo þad være i einhverre añare Sek, synest honum meire Þorf ad mæta þar.

Fleire Forfoll kuña og vel ad gefast eñ þeße, so sem eg helld ad vera øll Kyrkiu Soknar Forfoll, eptir Forordn. af 29 May 1744. því þau sømu eru og virkelegar Hindraner ad sækia Þing. Sømuleides reiknar Høyers Colleg. hiermed Barnsburdarnaud Konu Mans, item Begrafvelse nærstu Nauna.

Øll soddan Forfoll gyllda eins fyrer Dómarañ, sem báda Málspartana, og adrar Rettarins Persónur, og eiga þau ad bevisast med sørunum Vitnum fyrer Rettenum. Nu kañ einhver ad spyria: hvert þad skule ske fyrer þeim sama Rette sem Søken á ad koma fyrer, og sá forfallade er stefndur til? Hvad ecke kañ vera Lagaña Mrining; því bæde kuña Forfollen ad vera so ásigkomeñ, at ei verde Vitnen send á Þinged; lijka ef sá Rettur er ecke Vitnaña Varnarþing; þa eru þau ei helldur skylldug ad sveria þar: og því eiga soddan Forfoll ad bevisast og eydfestast á Vitnaña Varnarþinge, sem um þau skuln bera, og sidan ad framűfæraſt beskrifud sidar meir, þegar hiñ Stefnde mæter á þeim Løgdege, sem honum lagdur verdur.

Þau

Þau Forföll, sem koma af Kongsins Erenda giørdum, hafa þau Friheit, ad ei þurfa bevijsast, med Vottum; heldur má Malspartureñ gefa þau skriflega til Vitundar.

Sie nu Dómaren i þvilikum Tilfellum hindradur; þá má hañ uppsetia Þinged edur Eskena, Nl. 1 B. 4 Cap. 24 Art. eda ef þad eru lángvarande Forföll, þá ad fá añañ Dómara af Amtmañenum settañ i sín Stad. Nl. 1 B. 5 Cap. 18 Art.

Sømuleides ef Partarner hafa soddañ Forföll, og framűsenda þau med Vottum, þá fá þeir Uppsetning á Málenu fyrer hverium Rette sem er Nl. 1 B. 4 Cap. 32 Art. eins fyrer Yfirretteunum ibid. 33 Art.

Þad reiknast ei fyrer Forföll, þo ein sie burtreistur, epter ad hønum var stefnt; heldur verdur Málsoknen framgeing, rett so sem hañ være til Stadar. Nl. 1 B. 4 Cap. 16 Art. Nema ef hañ være reistur i Kongsins Erende.

Nu er ad tala um þa adfarslags Frávern, sem skedur forfallalaust, af Mothroa og Foragte vid Retteñ, hver ed kallast Contumacia og **modvillig Udeblivelse**. Nl. 1 B. 4 Cap. 3 Art.

1) Fyrer Underrette.

Ef Stefnandeñ mæter ecke forfallalaust, þa hefur han tapad Sokiñe, og þarf ad stefna ad nyu. Eñ ef hiñ Stefnde mæter ecke; þa er hønum Lagdur Løgdagur, til nærsta Þings, segia Løgeñ; eñ so sem hier i Lande eru ei viß Þing; þa er hønum

honum settur 14 Daga Frestur, edur vel máske styttre, epter Leleghéitum.

Pesse Løgdagur er eiñ viß Dagur, uppa hvern peim stefnda er af Rettenum fyrerlagt ad mæta til Ansvara og Dóms. Nl. 1 B. 4 Cap. 32 Art.

Hvad ef hañ mæter ei heldur á Løgdege? pa segia Løgeñ, ad Dómareñ skule samt dæma eptir framkomnum Bevisingum i Sokeñe; Høyers Coll. Pag. 140 seger, ef hañ á framsende sin Løgmæt Forsøll, mege Dómaren eñ á uppsetia Sokena; hvad eg vil alleina admittera, med pvi mote, at Contrapartureñ sie pvi samphyckur. Nl. 1 B. 4 Cap. 32 Art. 5 Cap. 8 Art. t).

2) Fyr,

t) Hafe Stefnandenn innkallad Vitne til Underrettarens, og mæte par ei sialfur Forfallalaust, edur hans Fullmegtigur skal hann fyrer sina Forsomun betala 2 Lod Silfurs til Justitzkassans, og lika so miked til hvers af peim stefndu Vitnum sem mæta. Forordn. 3 Marts 1741.

Pvilika Løgdagsleggingu, skal Stefnandenn uppá egenn kostnad láta byrta, so vel Vidurpartenum, sem Vitnunum, so sem adra Stefnu, utann peir sien sialfer til Vidurmæles ad Pingenu. Oske nockur Málspartanna Máled uppsett, til ad leyda ny Vitne, er hann skyldugur, pau ad nafngreina, utann pad sie Odalsmal. Nl. 1, 13, 15 Art.

Her vid má og so merkia, ad nær fleire Skuldaheimtumenn, hafa til sama Rettar og Dags, stefnt einnum Skuldapriót, i klárum Gialdsmalum, sem ecke neitast, skal Dómarenn kenná i peim ollum á sama Deige, og einga af peim med Uppsettningu forbala, somuleides Domanna Utskrift á sinnu Tid utgefa. Forordn. 30 Sept. 1778.

2) Fyrer Logþings Rette.

Þar tapar Stefnandeñ ecke alleinà Søkeñe, ef hann forsomar ad mæta; helldur og verdur hañ tildæmdur ad betala sinum Vidurparte Kost og Tæring. Nl. 1 B. 4 Cap. 34 Art.

Ad tapa Søkneñe (litem perdere) er nockud añad, eñ ad tapa sialfre Søkeñe, edur falla á Malenu (Causa cadere) Hoyelsin. Verf. LL. Dan. Þvi sá sem Søkneñe tapar, má vel stefna loglega ad nyu; eñ hiñ ecke, án þess hañ appellere fyrer ædra Rett.

Eñ forsome hiñ Stefnde ad mæta, þa leggst honum Logdagur, til nærsta Logþings. 32 Art. Mæte hañ ei helldur á Logdege; þá kañ Yferdomareñ ad mulctera hañ um 20 Lod Silfurs, eptir Sakariñar Asigkomulage. Nl. 1 B. 9 Cap. 17 Art. under eins og dæmt verdur i Hofudsokeñe u).

3) Fyrer

u) Efter Resk. 25 Jan. 1754 átte Logþinged arlega ad byria, þann 3 Julii, og ef Stefnandenn ei mætte i Rettennum i tækann Tima, átte Hann, auk þess sem Logenn fyrerskrifa, ad mulcteraft til Justitzkassans, um 1 Lod Silfurs, fyrer hvern Dag hann utebleif. Refcr. 12 April 1751. Enn vid seinna Refcr. af 28 April 1785 er su Umbreiting, her á gior, ad Logþinged, byriar nu fyrft þann 8 Julii, og varir til 23 ejusd. efter hvern Dag, eingenn af Mælsportunum, fær hid minsta innfært. Sá af Portunum sem ei mæter hinn fyrsta, heldur á filgiande Dogum, betale ½ Lod Silfurs, fyrer hvern Dag, frá þeim fyrstnefnda, til hann mæter fyrr enn hann má nockud fá innfært.

3) Fyrer Yfirrettenum.

Par gefst eingen Løgdagur þeim Stefnda, helldur geingur endelegur Domur i Høfudsøkne; nema hann láte sveria sin Forsøll. Nl. 1 B. 4 Cap. 33 Art.

Enn um Stefnandann geingur þad til, so sem fyrer Løgþings Rettenum.

Domararner meiga ei Sakernar forhala med Uppsetningum, nema bader Partarner samþycke. Nl. 1 B. 4 Cap. 24 Art. og 5 B. 8 Cap.

Enn i Naudsyn kann þo ad gefast Uppsetning, hversu sem annar Parturenn protesterar þar i mote; so sem:

1) Ef Saksoknareñ er løglega forfalladur.

2) Ef einhver nyr Vidkomande uppkemur i Søkne, sem og þarf til at stefna.

3) Ef nyar Bevijssingar, edur Vitne, þurfa ad færast Nl. 1 B. 13 Cap. 15 Art. og Forordn. af 3 Martii 1741. Art 9.

Dómareñ kann og vel fyrer sialfann sig ad gisra Uppsetning á Søkne; þo alldrei leingur, enn i 6 Vikur.

Soddann Uppsetningar, sem ske fyrer Udeblivelse hins Stefnda, er rettast ad skrifa uppa Stefnuna; hver þá verdur Stefnandanum aptur feingen, til at anglysa hana Vidkomendum Nl. 1 B. 4 C. 25 Art.

Syßlumenn skule med Delinqventa þangad komner, innann þeß 11ta ejusd. under 1 Rdlr Mulct fyrer hvern forsømmnar Dag, hver og so liggur á þeim Logmanne, sem ey mæter, nær Retturenn opnast.

25 Art. nema þeim er sialfer voru til Stadar á Þijngenu, og vissu hvad þar giordest. I sama máta hondlast um Fyrerlegging og Løgdag. Forordn. af 1741 þañ 3 Martii 8 Art. v).

10. Cap.

Um Maulaflutning Stefnandans.

Nær Partarner mæta, og Stefnañ er giord áhangande vid Retteñ; þa byriar Stefnandeñ sijna Málsokn, añadhvert Muñlega: so ad hañ framtelur þær Orsaker, hvar fyrer hañ hafe Sokeñe iñstefnt, i hverju hañ þykest vañhallden, edur fororettadur af sinum Vidurparte; og eptir hverju hañ med þessare Málsokn, sæker; edur hañ framsærer þetta med skriflegre Klogun, sem kallast Libellus, eda Jñlegg, og skal soleides vera iñrettad:

v) Vid adurnefnda Forordning af 3 Junii 1796 er Løgdagslegging so vidt aftekenn, ad hun einungis efterlætst, nær sá innstefnde løgformlega bevisar ad hann ey mætt gete, sokum þeirra. Ml. 1 B. 10 Cap. 1 Art. uppreiknudu Forfalla. Enn bregdest þad, dæmast Soken eingu ad sydur, efter þeim Gøgnum og Bevisingum, sem Saksoknarenn færer. Þessvegna skal hann jafnann i Fyrerkallenu avisa hinum stefnda hvort heldur þad er til Dóms edur Vitnesburdar, ad hann i fylge af þessare Forordning einskis Løgdags hafe ad vænta.

1) Í Upphafe Dómarañs Nafn og Erutitill.

2) Understada og Asigkomulag Sakariñar, og hverier Vidkomendur sieu.

3) Astædur edur Jrretteſærtelſer; hvarvid Plagſidur er ad tilfæra þær Lagagreiner, eptir hverium hañ vill fá Sokena dæmda.

4) Sækiandañs edur Talsmañſins Nafn under, med Degi og Dato x).

Hvad vid Jñleg er ad varaſt:

Pad má ei vera oſlángt, Nl. 1 B. 9 Cap. 10 Art. og 23 Cap. 9 Art. ey helldur ſkylde nockrum lijdaſt, ad framűleggia onaudſynlegañ Jñleggia Fiollda, ſem alleina er til ad leingia Pingsakten.

Pad ſkal vera fyrer utan oll Skiendsord, Cavillationer og Laga Kroka: eckert þar iñe ſem ſtrijder á mote rettu Asigkomulage Sakariñar. So má og varaſt, at svara fyrer framűuppa þær Motſagner, ſem væntaſt kuña af Contrapartenum; því þar med kañ madur ad uiña hañ á þad, ſem hañ ádur ecke þeinkt hefde.

Nock-

x) Hinn fyrſta Rettarens Dag, ſem Sækianden mæter med Stefnuna i Rette, ſkal Hann og ſkyldur Innlegg og endelegt Uppaſtand i Sokenne ad framleggia, annars verdur Fyrerkallenu fráviſad, og Stefnanden tildæmdur, ad luka hinum mætande ſtefnda Koſt og Tæring. Allt ſo tilſtendſt honum eingjan Uppſettning, fyrr enn Tilſvar hins ſtefnda hefur gefed þar Efne til, utann Sækianden beviſe þorf ſina, ad leida Vitne um nockud þad ſem er Efne Prætunnar.

Nockrer plaga og ad geima sinar helldstu Astædur, þar til þeir þeyra Vidurpartsins Ansvør.

Hafe Sækiandeñ Vitne ad leida; þá kañ hverke hañ, at bruka sinar Astædur nie Jrettsetningar, syrr eñ þau eru heyrd: þvi skal hañ tilsiá, at þetta gange fraṁ i rettre Ordu.

Þetta sama kañ og Veriandeñ ad taka i Agt, med sinar Varner og Astædur y).

11 Cap.

Um Veriandans Ansvør og Undanbrøgd.

Adur eñ hiñ Stefnde gefur sig til at svara uppa Kløgur Sækiandans, má hañ vel siá sig um, hvert hañ siñur ei eñur Medøl ad hrinda Málsokneñe.

Partil þiena ymsar Exceptiones, sem i Nl. kallast Jndvendinger, eñ vier viliun nefna Undañbrøgd; hveriar af Juristunum adgreinast i Except. Dilatorias og Peremtorias.

Exceptiones Dialatoriæ, vel Declinatoriæ, eru þau Undañbrøgd, sem brukast til ad hindra

y) Erutitlar þurfa nu ei ad brukast i Rettarskiolum, framar; enn vid Innlegg er sierilæge ad varast, ad einn uppastande þar inne ei frekar, enn Stefnann siálf adur, edur Grundvollur Málsoknareumar, hefur uppahliodad.

Framgang Málsoknariñar, edur skiota heñe á frest.

Soddañ Undañbrøgd taka meñ af einhverium Atridum Máls-Soknariñar, samañbornum vid Løgeñ; og siñe peir þá nockud, sem ecke er løglegt, skava sier þar af Exception. So sem, ef eiñ vill excipera forum, þad er, forsaka Rettiñ, edur Pinged, sem hañ er stefndur til, þa argumenterar hañ søleides: Løgeñ bioda einum skuli stefna á sit Varnarþing; nu er þeße Rettur ecke mitt Varnarþing: allt so er eg ecke rett stefndur.

So gefast og exceptiones mote Stefnuñe, so sem:

1) Ad Søken sie ecke þar iñe skijrlega tilgreind, edur hvar uppá madur er stefndur.

2) Hun sie ecke løglega auglyst.

3) Ofnaumur Stefnufrestur.

4) Ad stefnt sie uppa þañ Dag, sem ei má Rettargang hallda.

5) Aller Vidkommendur sien ei stefnder.

A mote Sækiandanum:

1) Ad hañ ege ecke Sokn á þvi Male.

2) Han sie omyndugur, eda ogylldur ad ganga i Rett.

A mote Dómaranum:

1) Ad hañ sie incompetens; þad er, ef Søken heyrer ei under hans Løgsøgn.

2) Ad hañ sie interesseradur; þad er, sialfur vidkomande, edur iñvikladur i Søkeñe.

3) I Odals edur Eigindoms Sokum; ef hañ er Skylldur ødrumþverium Partaña.

4) Hañ

4) Hañ stande i obættum Sokum; edur,

5) Sie beskulldadur fyrer soddañ Saker, sem gylldu uppa hañs Respect edur Embætte.

6) Ad hañ sie sin Hatursmadur, þeßa Excepta. sijst i Heyurs Colleg. Pag. 166. eñ eige sin eg hana á Løgum grundada; þvertimot so vel Løgen. sem Dómara Eydureñ tilhallda honum ad dæma rett, so vel i malum Qvina, sem Vina sina.

Af þeßum Undañbrøgdum, kañ Veriandeñ ad hafa i framme þau ein, er hun sier ad þvi sine gylda kuña, og hañ treysster sier til ad bevijsa; en varast ad fara med hin. sem ecke hlida til, og ei verda søñud allra sydst skal hañ sina i mote Dómaranum nema fyrer løglega Orsøk; añars rijs honum þar af hid stærsta Olempe, og verdur áliteñ eptir Nl. 1 B. 9 Cap. 10, 18 Art. item 12 C. 3 og 7 Art.

Eñ þar sem einhver af slikum Exceptioner kañ ad duga, þa skal hun strax framsetiast, ádur hañ tekur Gienmæle i Høfudsøkeñe; þvi epter þad gylda eingeñ Forfell nie Undanbrøgd. Nl. 1 B. 10 Cap. 2 Art. item 2 Cap. 17 Art.

Ef Vitne skuln leidast; so gefast eiñen Exceptioner i mote þeim, til ad veikia Bevijsingar Contrapartsins.

1) Ad Vitned sie Omyndugt, iñañ 15 Ara; edur hafe ei vered til Gudsbords.

2) Sie okiendt og hafe ei sina fróma Kyñingu.

3) Sie oærlegt, og stande þar fyrer ecke til Trunadar.

4) Sie viliugt vitne, og akteſt þarfyrer ecke.

5) Sie sin Ovinur og Ofundarmadur; med vidara sem sijdar seger, nær vier tølum um Vitne.

Soddan Exceptiones kuña ad verka so miked, ad Malsoknin hindrast um Siñ, nær Dómareñ hefur meted þær gylldar, med interlocutorio.

Hinar adrar, er kallast Exceptiones Peremptoriæ, eru þau Undañbrøgd edur Varner, sem framsettar verda, til ad eyda Astædum Sækiandans i sialfre Høfudsøkenne.

Þar gefast so Margvislegar, sem sialfar Sakernar eru ymislegur, og ei verdur med øllu Ráð fyrer giørt; þo eru þeßar eptirfylgiande hinar helldstu, sem Juristarner tilgreina i Eigendoms og Peninga søkum.

1) Except. Rei Judicatæ, þad er: ad Søkeñ sie ádur dæmd, og ege þarvid ad blisa.

2) Transactionis; ad hier um hafe ádur vered giørt Forlijkunar Astal, sem standa egi. Nl. 5 B. 1 Cap. 5 Art.

3) Præscriptionis: ad Skullden sie ordeñ ofgømul. Nl. 5 B. 13 Cap. 2 Art. og Kb. 8 Cap.

4) Solutionis: ad Skullden sie ádur betolud. Nl. 3 B. 14 Cap. 44 Art. og 1 B. 6 Cap. 15 Art.

5) Compensationis: nær Madur hefur Contrareikning á mote Skulldeñe. Nl. 5 B. 13 Cap. 4 Art.

6) Solutionis Indebiti: Ef Madur hefur betalad þad, hañ var ei skylldugur; edur meira, eñ honum bar ad betala.

7) Non numeratæ pecuniæ: Ef Andvirde eins Hlutar er ecke betalad. Bádar þeßar excep-

tio

tio er at siña Kb. 2 Cap. Þa skal apturganga oftalt, eñ fram vantalt.

8) Excepr. Doli: ad sier hafe vered giør Viela Kaup.

9) Erroris: ad madur hafe forsied sig i Contractenum, siá 3 B. 2 Cap. hier ad framan.

10) Exceptio Metus: ad madur hafe lofad einum Hlut fyrer Otta saker. Nl. 5 B. 1 Cap. 4 Art.

11) Minorennitatis: ad Skulldeñ sie giørd, af einum Omaga edur Ungling. Nl. 2 B. 10 Cap. 34 Art.

12) Non impleti Contractus: ad hiñ hafe ei hallded Contracten: og þarfyrer ege hañ ecke ad gylda. Nl. 5 B. 1 Cap. 11 Art.

13) Ordinis, su Exceptio hienar einum Cautionista; nær hañ vil vjisa Creditor, ad sækia fyrst sialfañ Debitor, edur Høfudskuldu nauteñ, um Betalingeñ.

14) Divisionis: sem merkir, ad hier sieu fleire Vidkomendur edur Cautionistar, sem svara eige til Skulldariñar, epter Tiktølu; siá hier ad framan 3 B. 7 Cap. um Borgun.

15) Laudationis Authoris: at skijrskota til Heimilldarmañs; so sem þar madur þarf ad bevisa sina Adkomst fyrer einhverium hlut, edur i Piofnadarsøkum. Nl. 6 B. 17 Cap. 2 Art.

Flestallar þeßar Afbataner og Undanbrøgd þarf Veriandeñ ad bevisa, ef þær skulu ad nockru aktast: eñ þo gefast nockrar, sem gylda, uema Vidurparteñ bevise añad Sañarä: þad er at skilia, nær Veriandeñ þarmed reinger eda veiker

Astædu sins Contraparts; so sem skedur med Except. non numeratæ pecuniæ, edur non impleti Contractus; þá hlijtur Sækianden ad koma med Bevising þar i móte, edur þegiande samsiña.

---

12 Cap.

Um Bevisingar, Gogn og Vitne.

Ef hiñ stesnde medkeñer þad sem hañ er soktur fyrer, þa er ei Þorf á fleire Bevisingum; og þad sem hañ hefur eitt siñ fyrer Rettenum medgeinged, gyllder hañ ei sidan ad fráganga. Nl. 1 B. 15 Cap. 1 Art.

Um eigiñ **Medkeñingu** er allt sama ad athuga, sem um Lofun eins Mañs.

1) Skal hun vera af Skilninge, so hañ vite hvad hañ medkeñer, og þad sie hverke i Villu nie Dryckiuskap.

2) Skal hun vera friviliug og oneydd: þvi þad sem eiñ medkeñer fyrer Naudungarsaker, edur Ofrike; hefur ei meira uppa sig, eñ su Lofun, sem madur gierer tilneyddur. Nl. 1 B. 15 Cap. 2 Art. samanb. 5 B. 1 Cap. 4 Art.

Soddan ein **Vafalaus Medkeñing** gylder fyrer Bevising i ollum Sokum; nema þeirre eiñre sem Legeñ undanskilia: Ef añadhvert Hionaña medkeñer uppa sig Hordomssek, til þess ad þau meige þá heldur sá at skilia. Nl. 3 B. 1 Cap. 15 Art.

15 Art. þa aktaſt ei ſu Medkeñing; án þeß, þarkome til fleire Roksemder z).

Beviſing, Probatio, er eitt løglegt Medal til ad leidg Sañleikañ i ljos, i hverre Sok, og verdur ymiſlega adgreind:

1) J probat. Artificalem, sem er eitt ſnidugt Medal, ad fiña edur veida Sañleikañ, af Atvikum og Kringumſtædum, edur iñvortis Aſigkomulage Hlutaña, ſo ſem: til ad vita hvert ein Kona er barnshafande, edur hefur vered med Barne; ſkoda meñ Brioſteñ, hvert þau ſieu med Miolk. Amedal adſkilianlegra Dæma, sem ſyna hverſu þeſſe Probatio hafe gagnaſt i ymſum Tilfellum, er eckert merkelegra eñ Salomons Kongs, er hañ dæmde á mille Mædraña. 1 Kong. Cap. 3.

2) Probatio inartificalis, er ſu Bevijſing, ſem ſkedur i almeñelegañ Máta med Documentum eda Vottum.

Med odrum Hætte adgreineſt hun.

3) J Prob. plenam, sem er fullkomeñ Bevijſing,

Og 4) Semiplenam hálfa Bevijſing; eñ hvar i þeirra Greinarmunur beſtendur, verdur ei fyllelega utſkyrt; þvi verda má, at hin ſømu Atvik og Kringumſtædur, giøre meira til Sakariñar i einu Tilfelle eñ odru, og kemur ſo allt uppa Dómarans Skynſeme.

Nu

z) So má og i Dellnqventſokum, þó hinn ſeke hafe medgeinged Giorningenu; ei fella Dóm fyrr enn allar Beviſingar, ſem faſt kunna, eru leiddar, og Corpus delicti undersokt. Forordn. 21 May 1551.

Nu skal fyrst tala um Document:

So skallast almeñelega öll þau Bref, sem brukast i Rettergange, Stefnur og Jñlegg: En eigenlega heita það, þau Skiöl, sem Partarner framleggia, sinu Mále til Bevijsíngar; sem og kallast Instrument. Nl. 5 B. 13 Cap. 11 Art.

Þau adgreinast i Documenta publica et privata:

Publiqve Document eru open Bref, sem utgefeñ eru uppa Embættis Vegna, af þeim Personum, er löglegañ og opeñberlegañ Mindugleika hafa; so sem eru:

1) Kongsins Bref, og þau Document, sem af honum stadfest verda; so sem Giafabref og Testament 2c.

2) Yfervalldaña Bref, Resolutioner, Dómar, Skiptabref, og Þingsvitne.

3) Maldager, edur Kyrkna Registur Biskupaña hier á Lande, sem eru i Skalholts Stipti.

1) Wilchens Maldage, af 1397.

2) Gisla Maldage 1575, sem af Kongenum er confirmerad med Specialbrese af 5 April 1749. Eñ i Hóla Stipti:

1) Jons Eriksonar af Dato 1360.

2) Peturs Biskups af 1394.

3) Auduñar Biskups af 1398.

4) Olafs Røgnvallsonar af 1461.

5) Sigurdar Registur, sem var Officialis under Reformationen Anno 1550.

Aller þeßer eru confirmerader i Biskupaña-Instruction 16 Art.

4) Gia-

4) Giafa, Kaupa og Contractabref: þau eru i sialfum sier privat, edur heimuleg Document; eñ fá stærre Myndugleika, nær þau verda þinglyst, og gylda fyrer fulla Bevijsing, so vidt þau uppahlióda.

Hier kañ ad spyriast, hversu vijdt Jardakaupabref, gylde fyrer Bevijssingar i Landamerkia prætum? Þau synast alltid vera god fyrer Veriandañ, sem Prætu Landed hefur i siñe Hefd; so Sækianden kemst þar ecke ad, nema hañ syne med ødrum nyrre og eins godum Skiølum, ad þar hafe sidar giør vered añar Máldage um Landamerkiñ.

Eñ fyrer Sækiandañ kuña þau ecke ad duga, til ad hrinda Hefdeñe, fyrer þessar Greiner:

1) Ad sá er selde Jørd sina med tilgreindum Landamerkium, vitnade þar i siñe egeñ Sok; og munde eingeñ nu á Døgum, grunda vilia siñ Dóm á soddañ Lysingu; þvi

2) Vottarner, sem Brefed hafa insiglad, vitna einasta um Giørningen, og Adkomst Kaupandans; eñ ecke um Landamerken.

3) Kañ ecke eiñ 20 Ara Hefd ad Veikiast, nema fyrer lifande Vottum, so sem hier ad fram an i 2 B. 20 Cap. sagt er.

Øll soddan Document hafa fidem publicam, þad er: þeim kañ ecke i mote ad mælast, so sem seger um Þingsvitne. Nl. 1 B 13 Cap. 29 Art. Hvad þo er ecke so ad skilia, sem ecke mege leida Andvitne i mote þeim, og bevisa ef þau eru følsud, so sem Løgeñ giøra ráð fyrer følsku Þingsvitne. Nl. 1 B. 8 Cap. 8 Art.

Pri-

Privat Document eru þau Bref, sem ecke eru gierd til Pinza, og ei af nockrum Embættis Myndugleika. Þau gylda ei til Bevisingar mote ødrum, eñ þeim sem þau hafa underskrisad. Nl. 5 B. 1 Cap. 3 Art.

Þo gefst eitt Tilfelle i Løgum mote þessare Reglu, sem er: ad það sem eiñ Fader hefur upp-teiknad, ad hañ hafe feinged sinu Barne i Hendur, medan hañ lifde; geingur fyrer fulla Bevijsing. Nl. 5 B. 2 Cap. 61 Art.

Vilie nockur ganga frá siñe Hend og Signete, þa þarf hañ ad synia þess med Eyde; añars er Plagsidur ad bera fyrst Skriptena saman vid añat, sem er med hañs þeckianlegre Hende; hver Adferd kallast Comparatio litterarum Struv. lib. 4. tit. 11. aph. 10.

Þau privat Dokument, sem helldst fyrerkoma, ern:

1) Obligationer, sem eru Handskripter edur Skulldbindingar Bref.

2) Qvitteringar, sem er Medkeñing Creditors, um Skulldariñar Betaling; so og gyllder það fyrer Qvittering ef Obligationen siñst utstrikud eda casserud i Verdslum Eigandaños.

3) Reikningar, so sem Kuapmaña Bækur og Reikningar; um hverias adgiætande er, at þær gyllda ei mote Bændum, ef þeir neita Skulldeñe. Nl. 5 B. 13 Cap. 50 Art. Þo er það vidteked eptir Forordn. af 10 April 1702, og þar iñfærdum Byarskeria Dôme, at Bændur skule synia Restantsaña med Eyde; hvar af ráda er, at Kaupmaña bækur giøre hier halfa Bevijsing; añars

añars er þad Cautela fyrer Dómarana, ad athuga hvert Misreikningureñ kemur af því, at nockud sie iñskrifad i Boudaus Debet, sem hañ ei vidkañast; edur þar er ueckru uegleimt af hañs Creditor, er hañ væneſt iñlagt hafa.

4) Privat Sendebref, sem ecke eru skrifud til ad koma i þridia Mañs Hendur; þau þiena ei til ad giora Bevisingu i Þeningaſokum; nema Lijkur og Grunſeme.

I Egtaſkaparſokum gylda Kiærleiksbref eckert, til ad bevijſa Trulofun edur Jáord. Forord. af 5 Martii 1734.

Þar talast opt um hvert Málsp rtarner, sieu skyllder til ad þiena hver odrum, og underretta med sinum Documenum? Løgeñ hafa þar lited, edur eckert, um: alleina, ad Skrifareñ edur Dómariñ, sem hefur beggia Partaña framűlegd Document under Hendum, skule gefa Vidkomendum Utskrif þaraf, nær þeß óskad verdur. Nl. 1 B. 8 Cap. 7 Art.

Sækiandanum er ecke fullkomlega befalad ad liá edur framvijſa Veriandanum sin Document. Nl. 1 B. 5 Cap. 7 Art., so synest Veriandeñ miklu sijdur skylldugur þar til. Þo kañ þad af Dómaranum uppaleggiast, nær þad eru, sameigeñleg Document; so sem opt er ciñ Máldage tveggia Jarda: edur, nær añar þeirra hefur Copie; þá kañ hiñ tilskylldast ad framűleggia Originalskialed, ef þad er til i hañs Vordslum:

Sá sem nu vill sækia eitt Document i Hendur sins Contraparts, þarf fyrſt naudsynlega ad bevisa þad sie þar til; edur færa til þeß so god

Lijken

Líjkende sem hañ kañ; og sídan beidast Dóms á, at hønum verde under Execution uppalagt, at láta pad framm.

Sieu Skiøl i Høndum þridia Mans, sem ecke á Hlut ad Málenu; þá verdur Spursmál: hvert hañ sie og skylldugur ad láta þau til? hvad nockrum munde þykia ovidkuñanlegt. Eñ min Meining er su: ad so sem kresia má eiñ til ad vitna Persónulega; so er þad ecke meira, þo hañ skule giøra Underretting med sinum Documentum. Eñ þykest hañ ei meiga sleppa þeim ur Hende sier, þa er nog, at stefna hønum, til ad framleggia þeu syrer Rette, og taka þar af þeim Utskript med Þingsvitne attesterada. Sía Høyers Colleg. Pag. 200.

II. Um Vitne.

Hiñ annar Máte ad bevisa, er **Vottaleidsla.**

Vitne edur **Vottar** kallast Testes, sem eru þær Rettarins Persónur, er leiddar verda syrer Rette, til ad segia Sañleikañ i eiñe Sok.

Tvo samhlioda Vitne giøra fulla Bevisiug. Nl. 1 B. 13 Cap. 1 Art. eñ eitt Vitne er sem eckert. Þsb. 4 Cap. nema til ad giøra Líjku og Grunseme a).

Um

a) Þó giører einnar publiqve Persónu Vitnesburdur, fulla Bevisiag um þær Saker, sem hun uppa Embættes Vegna, vitnar um, til Dæmes Presta-Attest. Þarámot utkresia Logen i Nl. 4 B. 1, 2 og 3 Cap. i insum Tilfellum ahrærande Sio-

Um Vitne er þrent ad athuga, sem er: hverier ad sieu hæfeleger, edur ei, til Vitnisburdar; hversu Vitne skule stefnast, og fyrer Rette leidast; ad sijdurstu, hversu vid Vitne skule hendla i sierdeiles Tilfellum.

Testes habiles, gild og god Vitne, skulu þrent hafa til ad bera:

1) Skilning.

2) Erlegheit.

3) Opartisku. Þar fyrer eru þeir, sem eitt hvert af þeßu vantar, ógilder til Vitnisburdar; so sem:

1) Born og Ungmeñe, sem eru iñan 15 Ara. Nl. 1 B. 13 Cap. 19 Art. og þott elldre sieu þa er Sidvenia, at eingeñ takist sá i Eyd, sem ei hefur vered til Gudsbords. Høiers Coll. Pag. 201.

2) Þeir Meñ sem eru Affiña edur Vicstola, item Daufer; þvi þeßa brestur Skilning og Sanfæ; eñ blindur Madur kañ vel ad bera Vitne um þad hañ heyrer.

3) Fyrer Oærlegheita Skuldz þeir sem eru, Odáda meñ, Lijflauser, Fridlauser, og Erulauser; þad er adskilia jure infames, sem Løgen kalla Forvundne for uærlig Sag. Nl. 1 B. 13 Cap. 20 Art. þvi ecke má þrinda einum ur Vitne fyrer ogrundad Snack.

4) Bañ-

Siofkada á Skipe og Gótse, imist 3 edur 4 samstemmande Votta, hvad einnig efter Forordn. af 21 Martii 1705 i Tilfelle af strandudu Skipe og Gótse hefur stad.

4) Bañsetter, þeir meiga ei vera Skyrnar vottar Nl. 2 B. 9 Cap. 13 Art. samt helldur Høyers Colleg. Pag. 203. þeir mege duga fyrer Vitne i verdslegum Sokum: eñ sieu Bañsetter Meñ Erleger, hvarfyrer má þá ei iñbioda þeim i heidarlegt Samkvæme? Og eñ framar: ef eiñ er bañsettur fyrer Guds Orda og Sacramenta Forsktun, hver vill þá eiga under hans Eyde?

5) Testes suspecti, forþeinkianleg Vitne, eru bæde okiender Meñ, sem Meñ vita ei Deile á Nl. 1 B. 13 Cap. 5 Art. og osloduger i sinum Vitnesburde; um hveria sidar verdur talad.

6) Fyrer Partisku Saker, aktast ei þeir, sem eru Hatursmeñ þess, er vitna skal imote. 16 Art. þo má þad fyrst bevijsast, ad Vitned sie Hatursmadur.

7) Viliug eda velvilind Vitne. Fyrer viliug Vitne skiliast þeir, sem eiga Hlut ad Malenu, og kyñe þarfyrer ad vitna sier i Hag: so og eiñen nánnstu Náungar, edur handgeingner þeim Stefnda: sem Børn og Pionustufolk. Art. 17. þo meiga soddañ Vitne gylda i Draps og Volds Sokum ibid. þar sem eñur Vitne er ecke ad fá, so sem og i Piófnadar malum Nl. 6 B. 17 Cap. 15 Art. b).

Epter

b) Placat af 16 Sept. 1778 utleggur nærfeldar þann 16 og 17 Art. þannig, ad i privat og borgarlegum Sokum, i hverium bæde Hión enn eru innviklud, edur hverra vegna Bætur eru soktar af Felagsbue, má þad eina Egtapar, ecke stefnast ad vitna mot þvi odru. Hvad annars

þan

Epter Nl. 2 B. 5 Cap. 19 Art. er videteked, ad eiñ Prestur skule ei vitna um þad, sem fyrer hønum medkendt verdur i heimuglegum Skriptar malum c).

Nu er ad tala um **Vitnafærsluna.**

Hier ad greinast stefnd Vitne, og hin sem mæta godviliuglega: Ecke ad þau sieu þarfyrer Viliugvitne; helldur so, ad þau Stefnulaust gefa sig til ad mæta og vitna, fyrer Bon Málspartaña, so sem, nær Vitned er i añare Þingsokn, eñ lætur sig þo leida til ad vitna fyrer sama Rette, sem Soken heyrer under, so ei þurfe ad kosta fleire Þing. Nl. 1 B. 13 Cap. 3 Art. Eñ þeim er ei vilia þañeñ mæta, hliota Meñ ad stefna.

I øllum Vitnastefnum skal brukast þad Atride, at stefna under Fallemálsstraff eptir Kongl.

þau i No. 6 og 7 umgetnu Vitne áhrærer, ad fráskildum Hionum, hverium sem saat, ecke má stefna, er þad hrerge fyrerboded, þeirra Vitnesburd ad heira, heldur alleina hinn sama gyldann ad alita, sem skilia er, ef hann er misgrunanlegur, og imote annara truverdra Vitna Framburde. Parámót vitne einn sinum Haturmanne i Hag, og Penaren mot Hosbonda sinum, hvarfyrer skyldu ei þeirra Vitnesburder aktast?

c) So er og einum Procurator fyrerboded i borgaralegum Sokum, ad afleggia Vitnesburd um þá Puncta Sakarennar, sem hans Client hefur truad hønum fyrer, edur rádfært sig vid hann. Forordn. 19 Julii 1793.

Forordn. af 3 Martii 1741, og hveria þa Stefnu til Vitna, sem þetta Atride vantar, skal onyta dæma, ibid.

Fallsmál merkie hier 10 Rikisdala Straff, sem liggur vid, ef eitt Vitne vill ecke mæta, edur segia Soñleikañ, hvarum sidar verdur talad.

Vitnum skal alltijd stefna á þeirra eged Varnarþing Nl. 1 B. 13 Cap. 2 Art. eins þo geistlegar Persónur sieu; hvar heim heimer 4 Art. ibid. Þo gefaß þau Tilfelle, hvar þeim er skylldt ad vitna añarstadar, so sem:

1) I Landamerkia Prætum, þegar þingad er á Prætustadnum sialfum.

2) Fyrer Gestarettenum vid Oxará, i þeim Sokum er þángad heyra,

3) I geistlegum Sokum meiga Vitne leidast fyrer Profastaña Rette, eptir Forordn. af 26 April 1737.

Ef nockurt Vitne er utan Herads, edur i odrum fiærlægum Stad: þá kan Dómareñ (edur sá sem Vitneñ vill leida) fyrer literas interceſſionales (edur Medalgaungu Skrif) at bidia þad verde þar yfirheyrt, af vidkomande Rettarins þienturum d).

Nær

d) So meiga og Vitne innstefnast i ollum odrum Gestarettar-Sokum á þann stad, sem hann haldenn er. Somuleides i vissum Tilfellum i Sosokum, afheiraſt Vitne fyrer nærsta Yfirvalde. Nl. 4—8. 2 Art. Einnig i Politiesokum áhrærrande Vinnuhjn og Lausamenn, fyrer Syslumanna Heimilis Rette, Tugthußinnd So og fyrer Commissions-Rettum, sofnamt Commissorium hlióde þar uppá, enn annars ecke.

Nær Vitneñ þañiñ løglega ſtefnd, mæta fyrer Rettenum; þá geingur Votta leidſlan fyrer ſig nied þeßum Hætte:

1) Les Dómaren fyrer þeim Eydſins Utþýding; hvar med hañ kañ og ad áminña þau um þad lykamlega Straffid, ſem vidliggur, ef nockur vitnar falſklega.

2) Er þeim ſtyladur Eydureñ, ſem er lofunar Eydur: ad þau vilia vitna allt hid ſañaſta, ſem þau af Sion edur Heyrn tilvita, og adſpurd verda, i Sokeñe.

3) Yfirheyrer Dómaren hvert Vitne ſier i lage um þau Spursmál, edur Articulos probatorios, ſem Stefnandeñ hefur muñlega edur ſkriflega framűſett: þeße Spursmál ſkulu vera einfaldleg, eñ ecke iñviklud, til ad villa þar med Vitneñ.

4) Ad ſidurſtu er uppleſed fyrer hverju Vitne þeß Framűburdur og epterſpurt, hvert þad kuñe nockud añad frekara edur ſañara hier um ad vitna.

I Eigindoms og Landaþrætum geingur þetta nockud odruvis til: þvi þar verda Vitnen fyrſt yfirheyrd, og ſidan epter grandgiæfelega Ranſokn Eydurenn af þeim teken. Nl. 1 B. 13 Cap. 9 Art.

Hafe hveretvegge Partaña Vitne ad leida; þá ſkulu þeß Vitne fyrſt heyraſt, ſem fyrr ſtefnde. Llb. 26 Cap.

I ſlikum Tilfellum kuña Vitne ad verda i mote Vitnum; þo ber þad ecke alltid vid. Til Dæmis: Sækiandeñ, ſem vill viña eina Eign, leider Vitnè uppa þad hun hafe vered ſiña Forfedra

Odal; eñ Veriandeñ beviisar med ødrum Vottum, ad nu sie hun fallen i sina Hefd; þa eru þetta ecke Motvitne, og kuña hveretvegge vel ad hafa satt.

Eñ nær Vitne ágreiner um eiñ og hiñ sama Hlut, þá hlióta ønnurhver ad hafa osatt.

Dómaren tekur þo hveretvegge Vitnen i Eyd; þar hañ kañ ecke at vita fyrerfram, hvert þad verde Motvitne, utan i Eigendoms Sokum; þvi þar yferheyrer hañ þau fyrst, og tekur so Eyden af þeim, er honum þykia truanlegre. Ll b. 26 Cap.

Þad er vandasamt ad meta hver Vitneñ sieu truanligri. Þar uti má Dómareñ ei so miog lyta til Fiolda Vitnaña á þá einu sijdu; so sem þess; hvert Vitneñ viti Hlutena; af eigen Heyrn edur Sion; eda hafe þar um Undervisan af ødrum feinged: so og hverra Vitnisburdur sig best rimer saman vid adrar Kringumstædur Sakariñar.

Nu epter fylger hversu med Vitne skule hendla i sierdeiles Tilfellum:

1) Um Forføllud vitne.

Hier gylda oll hin somu Forfoll, sem fyrer Malspartana, og adur eru talen i þem 9de Cap. og þa verdur giord ein Uppsettning med Løgdege til Vitnaña. Forordn. af 3 Martii 1741. Art. 1.

Løgeñ giora Rád fyrer, þar sem Vitnen eru hindrud af Veikleika. Nl. 1 B. 13 Cap. 4 Art. og þá er rett ad senda 2 Meñ fra Rettenum, til ad taka vid þeirra Vitnisburde; edur, ef þau

geta

geta ſialf ſkrifad; þá ſende ſiñ breflegañ Vitnisburd fyrer Retteñ. Þa er ei ſidur ad ſetia þetta Eydſins Atride uedan vid Vitnisburdeñ: So ſañarliga hialpe mier Gud ꝛc. þo þar ſem Rettur er ei fornægdur med þeirra Vitne, kuña þeim ad ſendaſt fleire Spursmál til at ſvara uppa.

2) Tratſug og motviliud Vitne, ſem gefaſt tveñſlags:

1) Þau ſem ecke vilia mæta epter loglegu Fyrerkalle, og hafa þo ei logleg Forfoll. Þeßum fyrerleagur Dómariñ, under Fállsmál, ad mæta á ødru Pinge: Kome þau þa ei helldur; dæmaſt þau i Fallsmál, og verdur ei ad ſidur fyrerlagt ad mæta i þridia Siñ, alltid under ny Fallsmál. Forordn. af 3 May 1741. 2 og 4 Art. Og má ſo leinge dæma þau i ny Fallsmál á hveriu Pinge, ſem þau viliu ei ganga til Hlydnis. Art. 6.

Eñ ef þau med Þvermodſku og Undanbrøgdum koma ſier hiá ad vitna, þar til Søken er utkliád, i hverre þau vitna ſkylldu; þá ſkulu þau ad auke, ſtraffaſt med álitlegum Peninga Utlátum til gudlegrar Brukunar og Juſtitskaſſen.

Þo er þetta ei um fornemme Folk ad ſkilia, ſem ecke plaga ad ſækia Ping: þvi þeßum leifa Løgeñ ad ſitia heima, og ſenda ſitt Vitne á Pinged, ſo ſem ádur er ſagt um forfollud Vitne.

2) Motviliud Vitne eru og þau, ſem koma fyrer Retteñ; en vilia ecke vitna. Nl. 1 B. 13 Cap. 7 Art.. Þeſſe ſtraffaſt ſem hin fyrre, uppa Fallsmál; nema þau ſverie, at þau kuñe eckert at vitna. Vilie þau hverke ſveria nie vitna, þa má þeim eiñ ſiñ ſtefna fyrer Løgþingsrett, eptir

25 Art. hvar þau eirnen dæmd verda i Fallsmál/ ef ecke vilia hlydnast; og ad sidnrstu má hendla vid þau, sem sagt er um hin fyrre e).

3) Um Falsvitne, þad eru þau sem vitna Lyge og Osañinde.

Hver og eiñ, sem kræfdur er til Vitnis, er skylldugur at vitna, hvad hañ veit sañast og rettast; Nl. 1 B. 12 Cap. 7 Art. eñ ef nockur misgrunar eitt Vitne, þa verdur Spursmál, hvert því skule tilhalldast ad brvijsa sitt Vitne? So sem Logeñ hafa þar eckert um, so være þad aldeiles obil-

e) Forsome Sakiandenn ad atelia Vitnesins Trátsigheit, taka Fyrerleggínguna beskrifada, og þeim mótvilliugu Vitnum, i rettre Tjd ad áualysa, skal hann betala 2 Lod Silfurs til Justitskaßans, fyrr enn ny Fyrerlegging honum má efterlatast. Forordn. 3 Martii 1741.

Vilie nockur ei med Eyde sanna, sem stefndur er ad vitna, um þad Góts, sem einn Kongs Reikningskapar-Betient, hefur stunged under Stól, ad hann vitnad hafe allt hvad honum þarum var vitanlegt, og þar idæmdu Fallsmáls Bætur, ei aeta þvingad hann þartil, straffest uppá ytrustu Formegan; hvarfrá þó Jardagóts er undaunskiled. Forordn. 31 Decbr. 1742.

Mæte Vitnenn ecke á fyrsta Pinge, og ei bevise logleg Forfoll, dæmast þau nu i Fallsmál. Yferhofud biriar Saksoknara ad framleggia i Rettenn skrifleg Spursmál til Vitnanna, utan hann fære sialfur Sok sina, og vante Vitsmune til, ad giora sialfur Spursmálenn. Forordn. af 3 Junii 1796.

obillegt, og leidde eptir sig þá Fordiærfun i Rettargangenum, ad alldrei yrde nockur Sok fullbevijsud, og eckert vitne þyrde ad segia Sañleikañ, utan med halfum Huga, ef þad skyllde ei aktast truanlegt, nema þad hefde nyar Bevijsingar at færa sinum Framburde til Styrkingar: helldur passerar hvert Vitne fyrer sañferdugt; nema meñ þecke, med skyrum Rokum af Sakarinnar Krijngumstædum, at þad hafe vitnad Lyge. Ml. 1 B. 13 Cap. 10 Art. eda slikt verde med Audvitnum yfirbevisad.

Þegar Audvitne skulu leidast mote þeim, sem ádur hafe vitnad, þa þurfa þau ad stefnast, til ad heyra uppá hin Sijdare 13 Art.

Sidan metur Dómarenn hver þeirra sieu truanlegre, eptir þvi sem ádur er sagt. Eñ til þess ad eitt Vitne kuñe ad metast Falsvottur, utheimtest:

1) Ad þad hafe vitnad Osañinde.

2) Ad þad hafe sked mote betre Vitund, og med fullum Frijvilia; hvar fyrer þad eru ei alltid Falsvottar, sem vitna rángt, nær þad skedur af Villu edur Vanþeckingu (errore aut ignorantia); edur i añara Orda stad, so sem i Laudaprætum; nær Vitneñ skulu bera hvad þau af ødrum heyrt hafa. 9 Art.

Verde nu Vitnunum, med þessu mote, yfirbevisad Fals og Lyge; þa skal þeim stefna til Logþingis; og nær þau eru þar fyrer Falsvitne felld og dæmd, þa ad heimvijsast til þeirra

Yfirvallds i Herade, til ad urstanda sitt Straff. Art. 10. f).

4) Ostødug Vitne i sinum Vitnesburde, þeim er ecke ber saman vid sialf sig, adgreinast fra Falsvitnum.

